

Partí, glimmer og pastel

Ný lína Hildar Yeoman er óður til bjartari tíma og boðar partí, glimmer og fjör. > 32



Pólitíkin útlagi í Júró

Saga Söngvakeppinnar er hlaðin pólitískum deilumálum. > 30



Sparaðu allt að 40%

Vernaðu bílinn. Sæktu appið.



# FRÉTTABLAÐIÐ

89. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 7. MAÍ 2022

## Lætur ekkert stöðva sig

Eftir mistök við fæðingu frumburðarins hefur Sigríður Lárusdóttir undirgengist hátt í 20 aðgerðir og fékk hún nýverið ristilstóma. Sigríður lætur það ekki stöðva sig og ætlar að verða fyrsti stómaþeginn til að synda yfir Ermarsundið. > 26



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## RAFMAGNSHLAUPAHJÓL OG AUKAHLUTIR Í ÚRVALI

Við hjálpum þér að finna réttu græjuna fyrir þig Sjáðu allt úrvalið á [elko.is](http://elko.is)



ELKO



Umboðsmaður Alþingis styður mál-sókn á hendur fjármálaráðuneyti.

## Ráðuneyti neitar að fara að álitum umboðsmanns

adalheidur@frettablad.is

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur lagt til við dómsmálaráðherra að hann veiti forstöðumanni ríkisstofnunar gjafsókn í máli sem hann hyggst höfða gegn ríkinu.

Forstöðumaðurinn leitaði til umboðsmanns eftir synjun fjármálaráðuneytisins um rökstuðning og gógn í tengslum við launakjör hans. Umboðsmaður taldi synjunina ekki á rökum reista og mæltist til þess við ráðuneytið að það tæki málið til meðferðar að nýju yrði óskað eftir því. Ráðuneytið lýsti sig hins vegar ósammála umboðsmanni og fylgdi ekki tilmælum hans.

Forstöðumaðurinn ákvað þá að höfða dómssmál gegn ráðuneytinu og hefur umboðsmaður ákveðið að virkja sérstaka heimild sína til að beina þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að veita viðkomandi gjafsókn í málinu. ■

## Selenskij snerti við þingi og þjóð



Þingmenn, forseti Íslands og ráðherrar stóðu á fætur og klöppuðu fyrir Volodímír Selenskij, forseta Úkraínu, þegar hann ávarpaði Íslendinga með hjálp fjárfundarbúnaðar í gær. Í ræðunni hvatti Selenskij Íslendinga til að halda áfram aðstoð við Úkraínu og að beita Rússland þrýstingi. SJÁ SÍÐU 12 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sáttur við ævistarfið og selur Brynju

kristinnpall@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Athygli vekur í Fréttablaði dagsins að verslunin Brynja sem hefur verið rótgróinn hluti í bæjarlífi Reykvikinga er auglýst til sölu. Í auglýsingunni kemur fram að verslunin hafi verið rekin í rúm hundrað ár og á núverandi stað, Laugavegi 29, frá árinu 1929 eða í tæpa öld.

Brynjólfrur H. Björnsson, framkvæmdastjóri og stærsti eigandi verslunarinnar, segist ganga stoltur frá borði. „Auðvitað geri ég það. Þetta er ekki auðveld ákvörðun, en ég er orðinn áttæður og þarf að finna einhvern til að taka við þessu. Ég er búinn að vera hérna í sextíu ár og hef séð ýmsar breytingar,“ segir Brynjólfrur og heldur áfram:

„Auðvitað er maður stoltur og núna fer maður að gera eitthvað annað í ellinni,“ segir Brynjólfrur glettislega. ■



Þetta er ekki auðveld ákvörðun, en ég er orðinn áttæður og þarf að finna einhvern til að taka við þessu.



Brynjólfrur H. Björnsson, framkvæmdastjóri Brynju

## Ferðapjónustan á fullt og víða uppþokað út sumarið

Dæmi eru um að íslensk gisti-hús hafi á skömmum tíma farið úr engu í 100 prósentu bókanir út sumarið 2023. Erlendir ferðamenn segjast njóta ferðalaga betur en nokkru sinni.

bth@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Mjög vel horfir með bókanir í ferðapjónustu í sumar. Dæmi eru um að gististaðir séu fullbókaðir út sumarið 2023.

Að sögn starfsmanna á Fosshótelinu Núpum í Skaftárhreppi er nýtingin á hótelinu að nálgaðist 100 prósent. Staðarhaldarar víða um Suðurland hafa svipaða sögu að segja af bókunarstöðunni. Sum gistihús hafa farið úr núlli vegna Covid upp í fulla nýtingu á undraskömmum tíma. Dæmi eru um gististaði sem eru fullbókaðir út sumarið 2023.

Fréttablaðið ræddi við ferðamenn við Skógafoss í vikunni. Janína frá Finnlandi sagði að henni liði eins og hoppandi kálfi að vori. „Það er stórkostlega stórkostlegt að fá tækifæri til að ferðast á ný,“ sagði Janína og brosti. Hún sagði að íslensk náttúra væri aðdráttarafl, en nefndi einnig félagslegar og menningarlegar ástæður fyrir Íslandsheimsókninni. Ekki síst hefði hún heillast af sögum um álfa og tröll.

„Ég bý úti á landi þannig að Covid hafði kannski ekki eins mikil áhrif á líf mitt og ef ég hefði búið í borg. En auðvitað var lífið einmanalegt í faraldrinum og þess vegna er svo frábært að finna orkuna sem hér er, fólk er miklu opnara núna og spenntara að ferðast,“ sagði Janína.

Alba Sanchez frá Spáni sagðist, eins og Janína, vera í sinni fyrstu Íslandsheimsókn. Hún hefur nánast ekkert ferðast síðustu tvö ár. Þegar ferð tengd störfum hennar kom upp í hendurnar á henni hafi hún fylst



Skógafoss er einn af seglum íslenskrar náttúru. ANTON BRINK/FRÉTTABLAÐIÐ



Fólk er miklu opnara núna og spenntara að ferðast.



Alba Sanchez

mikilli gleði og ákveðið að lengja ferðalagið og njóta landsins sem ferðamaður.

Spurð hvort kuldi og rigning hefði engin neikvæð áhrif haft á upplifunina af Íslandi hló Alba dátt og sagði að eftir fimm ára búsetu í Bretlandi sætti hún sig við hvaða veður sem er.

„Ég held að gildin hafi breyst eftir Covid, mér finnst ég kunna betur að meta virði ferðalaga. Ég er með mikið þakklæti í hjartanu yfir að fá að ferðast, það er kannski eitthvað sem maður fann ekki eins mikið fyrir áður en Covid skall á,“ sagði Alba. ■



Janína

## Auglýsing frá yfirkjörstjórn í Kópavogi

Talning atkvæða í sveitarstjórnarkosningum þann 14. maí 2022 í Kópavogi fer fram í íþróttahúsinu Kórnum að Vallakór 12-14 og hefst að kjörfundi loknum kl. 22.

Yfirkjörstjórn í Kópavogi,  
Snorri G. Tómasson  
Ingibjörg Ingvadóttir  
Jón Ögmundsson



Kópavogsbær

kopavogur.is

# 5x40

# MILLJÓNIR Í AÐAL- VINNING

**NÝTT HAPDRÆTTISÁR HEFST 10. MAÍ**  
**DREGIÐ ALLA FIMMTUDAGA**

Fimm 40 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 20 milljónir á einfaldan miða  
Miðaverð er 1.900 kr. fyrir einfaldan miða og 3.800 kr. fyrir tvöfaldan miða  
Drögum út meira en 52 þúsund vinninga á árinu

VERTU MEÐ | [das.is](https://das.is) | 561 7757



HAPDRÆTTI

# Ekki útilokað að nýtt undirafbrigði sé komið til Íslands

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segist ekki geta útilokað að undirafbrigði Omikron-afbrigðis kórónaveirunnar sem greindist fyrst í Suður-Afríku sé komið til Íslands.

„Það er verið að skoða þetta og við munum gera það betur um helgina og birta fréttir af því eftir helgi hvort

þetta sé komið hingað eða ekki,“ segir Þórólfur.

Undirafbrigðin tvö sem um ræðir hafa fengið nöfnin BA4 og BA5 og eru sögð meira smitandi en BA2 sem hefur verið ríkjandi undanfarið. Einnig hefur undirafbrigðið BA2.12.1 greinst víða og er einnig sagt afar smitandi.

Þórólfur segir mörgum spurningum varðandi undirafbrigðin enn



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir.

ósvarað en greint hefur verið frá því í erlendum miðlum að fólk sem hefur verið bólusett gegn Covid-19 eða smitast af sjúkdómnum geti engu að síður smitast af afbrigðunum.

„Það eru ákveðnar vísbindingar um að þessi undirafbrigði séu meira smitandi en valdi svipuðum einkennum, en þeim vísbindingum þarf að taka með varúð. Það er óljóst hvernig ónáemi af bólusetningu og

fyrri sýkingum verndar en það eru allir að fylgjast mjög náið með þessu og við þurfum að vera vel vakandi næstu vikur, þetta fer að skýrast,“ segir Þórólfur.

Hann segir ekki ástæðu til að „panikka“ vegna undirafbrigðanna. „Þetta bara segir okkur að veiran er víða um heim og ný afbrigði geta sprottíð upp hvar sem er. Þetta var ekki óviðbúið,“ segir Þórólfur. ■



Farþegafjöldi með strætó hefur aukist verulega síðustu tvo mánuði.

## Notkun á strætó eykst verulega

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SAMGÖNGUMÁL** Farþegafjöldi Strætó undanfarnar tvo mánuði er að nálgast það sem hann var fyrir faraldurinn. Notkunin árið 2021 var 7 prósentum betri en árið á undan.

Strætó mælir fjölda farþega í innstigum. Í apríl mánuði árið 2019 voru þau 888.617 en hröpuðu niður í 383.244 árið eftir vegna takmarkana faraldursins og minni ferðabarfara fólks. Árið 2021 jókst fjöldinn í 678.654 og í ár er hann 808.081.

Þetta gera rúmlega 90 prósent af innstigum aprílmánaðar árið 2019. Það ár var metár hjá Strætó og heildarfjöldi innstiga 1.2183.269. ■

## Hækka bætur vegna verðbólgu

gar@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin hyggst hækka bætur almannatrygginga um 3 prósent, húsnæðisbætur hækka um 10 prósent auk þess sem 20 þúsund krónur verða greiddar á hvert barn aukalega til foreldra sem fá tekjutengdar barnabætur.

Eru þessar aðgerðir sagðar verða hluti mótvægisáðgerða til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins. ■

Nánar á [frettabladid.is](https://www.frettabladid.is)

# Leiguverð á Íslandi hefur hækkað sjöfalt á við önnur lönd í Evrópu

Íslenski leigumarkaðurinn er algerlega á skjön við það sem þekktist annars staðar í Evrópu. Hérlendis er leiguverðið sjálfðæmi leigusala og fyrir vikið er engin bönd á verðhækkunum.

ser@frettabladid.is

**HÚSNÆÐISMÁL** Verð á leiguhúsnæði á Íslandi hefur hækkað um 100 prósent á síðustu tíu árum á sama tíma og leiguverð hefur hækkað um rétt riflega fimmtán prósent að meðaltali í öðrum löndum Evrópu.

Þetta kemur fram í samantekt Samtaka leigjenda á Íslandi, en forvígismenn þeirra segja neyðarástand ríkja á leigjendamarkaði – og ef fram haldi sem horfi í húsnæðiseklunni hér á landi eigi lífskjör leigjenda aðeins eftir að versna.

„Ísland sker sig algerlega úr hvað leiguverð varðar, enda er hér rekin hrein og klár okurstefna af ósvífna tagi,“ segir Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður samtakanna, en hann segir það vera þvert á húsnæðismenningu annarra landa að láta hagnaðardrífni fasteignafélög keyra markaðsvirði húseigna upp úr öllu valdi, eins og tíðkist á Íslandi.

Hann segir ástandið bitna á þeim sem sist skyldi, enda séu leigjendur á Íslandi almennt í efnaminnta hópi landsmanna. „Og þeir eiga enga undankomuleið. Leigusalinn hefur öll völd og getur hækkað leiguverðið eins og honum sýnist, allt þar til leigjandinn hættir að anda,“ segir Guðmundur Hrafn.

Ísland sker sig mjög úr öðrum löndum Evrópu hvað þroskaðan leigumarkað varðar. Víðast hvar í Evrópu er stór hluti húsnæðis til leigu, allt upp undir 80 prósent eins



Ísland sker sig mjög úr öðrum löndum Evrópu hvað þroskaðan leigumarkað varðar. Víðast hvar í Evrópu er stór hluti húsnæðis til leigu, allt upp undir 80 prósent eins og á við um Vín, höfuðborg Austurríkis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Leigusalinn hefur öll völd og getur hækkað leiguverðið eins og honum sýnist, allt þar til leigjandinn hættir að anda.**



Guðmundur Hrafn Arngrímsson, formaður Samtaka leigjenda á Íslandi

og á við um Vín, höfuðborg Austurríkis, en annars staðar í landinu er um helmingur húsnæðis á leigumarkaði. Í Frakklandi eru sveitarfélög sektuð ef 25 prósent af húsnæði þeirra eru ekki á leigumarkaði.

Guðmundur Hrafn bendir á að í Svíþjóð sé leigjendamarkaðurinn til mikillar fyrirmyndar. Ekki einasta sé hlutfall leiguhúsnæðis þar hátt í öllum bæjarfélögum heldur reki menn þar virkt eftirlit með réttindum leigjenda og þak á leiguverði sé virt í hvítvetna.

Raunar sé verðþak á leigu við lýði í flestum löndum Evrópu, nema á Íslandi, en Svíar séu hér sér á báti.

„Sænsku leigjendasamtökin eru fjölmennustu félagasamtök landsins og eru samningsaðili hvað leiguverðið varðar,“ segir Guðmundur Hrafn.

Að sögn Guðmundar Hrafns ríkis villta vestríð á íslenskum leigumarkaði. Raunalegt sé að horfa upp á hvað stjórnvöld séu sinnulaus í þessum málaflokki.

„Það átti að bæta réttindi leigjenda í Lífskjarasamningi stjórnvalda 2019 en sú viðleitni dagaði uppi í samráðsgátt þeirra. Það er dæmigert,“ segir Guðmundur Hrafn.

Engri annarri þjóð dettur til hugar að sögn Guðmundar Hrafns að haga sér með álíka hætti og Íslendingar hvað þessa grunnþörf varðar.

„Meira að segja Margaret Thatcher tókst ekki að eyðileggja leigumarkaðinn í Bretlandi, þótt viljinn til þess hafi verið mikill. Þar í landi eru enn þá um 20 prósent húsnæðis á leigumarkaði,“ segir Guðmundur Hrafn Arngrímsson. ■

## 100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN

Með 3+1 hurðum og allt að 433 km drægni

Hvað nærðu að gera á fimm mínútum? Það tekur Fiat 500e aðeins fimm mínútur í hraðhleðslu að ná 50km akstursdrægni. Fiat 500e sameinar gæði og tímalaus ítalasca hönnun sem hentar vel fyrir þá sem þurfa að komast örugglega á milli staða innanbæjar.



**POTTURINN STEFNIR Í**

**75**

**MILLJÓNIR**

  
þægilegt  
í appinu

  
inná  
lotto.is

  
eða næsta  
sölustað



LEIKURINN OKKAR



Tekið í spil á Hrafnistu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Lífslíkur svipaðar og fyrir faraldur

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Meðalævilengd á Íslandi er orðin 83,2 ár, eins og hún var árið 2019. Árið 2020 minnkaði hún um 0,1 ár eða rúman mánuð. Þetta eru minni sveiflur á meðalævilengd en orðið hafa undanfarinn áratug. Til dæmis minnkaði hún um 0,9 ár árið 2013 og 0,3 ár árið 2016.

Undanfarra áratugi hefur meðalævilengdin hækkað. Árið 1961 mátti meðal Íslendingur búast við að lifa í 73,5 ár. Árið 2001 var talan komin yfir 80 og voru þá hæstu lífslíkur í Evrópu. Meðalævilengd hefur aldrei verið hærri en nú en engu að síður höfum við hrapað niður listann.



### Konur lifa tæpum þremur árum lengur en karlar.

Hæst er meðalævilengdin í örríkinu Liechtenstein, 84,4 ár, en þar á eftir koma Sviss og Spánn. Íslendingar deila sæti með Svíum og Norðmönnum.

Íslenskir karlar mega gera ráð fyrir að lifa tæpum þremur árum skemur en konurnar. Meðalævilengd þeirra er 81,8 ár en 84,5 ár hjá konunum. Engu að síður lifa íslenskir karlar mun lengur í alþjóðlegum samanburði en konurnar. Þeir eru í þriðja sæti Evrópulistans en konurnar aðeins í því ellefta. ■

# Sjötíu Úkraínnumenn á vinnumarkað

Sjötíu úkraínkir flóttamenn hafa fengið atvinnuleyfi hér á landi frá því stríðið hófst. Sérfræðingur hjá Vinnuálagstofnun segir ekki flókið ferli að ráða fólk frá Úkraínu í vinnu. Vinnumiðlunin Alfreð hefur látið þýða vefsíðu sína og app á úkraínsku, sem auðveldar atvinnuleit.

birnadrofn@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Sjötíu flóttamenn frá Úkraínu höfðu í gær fengið atvinnuleyfi hér á landi. Um er að ræða fólk sem hefur komið hingað til lands frá því að innrás Rússa hófst í Úkraínu þann 24. febrúar. Þá voru í gær tuttugu atvinnuleyfi til viðbótar í vinnslu hjá Vinnuálagstofnun (VMST).

Guðrún Valdimarsdóttir, teymisstjóri í flóttamannadeild VMST, segir ekki flókið ferli fyrir atvinnurekendur að ráða flóttafólk frá Úkraínu til starfa. „Starfsmaðurinn og vinnuveitandinn fylla saman út ráðningarsamning og umsókn um atvinnuleyfi og koma með til okkar. Ef allt er rétt gert tekur þetta svo einn til þrjú daga í vinnslu,“ segir hún.

„Fólk getur nánast byrjað að vinna samstundis og það er engin fyrirstaða svo lengi sem allt er rétt. Ef svo er ekki þá hjálpum við til við að laga það sem þarf að laga,“ bætir Guðrún við.

Hún segir störf in sem flóttamenn frá Úkraínu hafi verið ráðnir í jafn fjölbreytt og þau eru mörg. „Þetta eru alls konar störf úti um allt land,“ segir Guðrún. Þá segir hún einnig stóran hóp Úkraínnumanna hafa sótt íslenskunámskeið sem greitt sé af Vinnuálagstofnun fyrir fólk frá Úkraínu.

Atvinnuleitarmiðillinn Alfreð býður notendum nú upp á úkraínska þýðingu á vefsíðu sinni og smáforriti. Halldór Friðrik Þorsteinsson, meðstofnandi Alfreðs, segir að lagst hafi verið í þýðingar skömmu eftir innrás Rússa í Úkraínu.

Úkraínska þýðing vefsíðu Alfreðs fór í loftið á fimmtudag og segir



Landspítali er meðal þeirra stofnana sem ráðið hefur flóttafólk frá Úkraínu til starfa.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÐÓR

Það eru margir sem tala enga eða litla ensku og þá er auðveldara að vera sjálfstæður í atvinnuleit ef þessar helstu vinnumiðlanir eru á þínu tungumáli.



Guðrún Valdimarsdóttir, teymisstjóri í flóttamannadeild hjá VMST

Halldór appið verða úkraínskt í næstu viku. Næst stendur til að þýða Alfreð á pólsku. „Við gerum ráð fyrir að pólska þýðingin fari í loftið eftir um það bil mánuð,“ segir Halldór.

Alfreð rekur einnig starfsemi í Tékklandi og segir Halldór straum flóttamanna þangað frá Úkraínu einnig hafa átt þátt í þeirri ákvörðun að þýða Alfreð á úkraínsku. „Okkur fannst þjóðráð að snara þessu yfir á úkraínsku, bæði fyrir Tékkland og síðan fyrir Ísland. Við höfðum heyrt fréttir af Úkraínnumönnum sem eru að leita sér að vinnu og við höfum svo sem miðlað einhverjum störfum til þeirra en þetta einfaldar starfsleit fyrir þá,“ segir hann.

Guðrún tekur undir orð Halldórs og segir þýðingu Alfreðs á úkraínsku hjálpa Úkraínnumönnum í sinni atvinnuleit. „Það eru margir sem tala enga eða litla ensku og þá er auðveldara að vera sjálfstæður í atvinnuleit ef þessar helstu vinnumiðlanir eru á þínu tungumáli,“ segir hún.

Þá segist Guðrún einnig taka því fagnandi að Alfreð verði þýddur á pólsku. Hér á landi búi sístækkandi



Um er að ræða flóttafólk sem leitað hefur hæliss hér á landi eftir að stríðið braust út í Úkraínu.

hópur frá Póllandi og þýdd útgáfa veiti þeim hópi einnig aukið sjálfstæði í atvinnuleit. „Það er erfitt að veita öllum tímafreka einstaklingsbundna þjónustu og með þessu er búið að gefa fólk tækifæri til þess að vera sjálfstæðara í sinni atvinnuleit,“ segir Guðrún og bætir við að hún myndi taka þýðingum Alfreðs og annarra vinnumiðlana á fleiri tungumál fagnandi.

„Stærstu flóttamannahóparnir eru spænsku- og arabískumælandi svo það eru tungumál sem við myndum mjög mikið vilja sjá,“ segir Guðrún. ■

**ÚÚ**  
ÚRVAL ÚTSÝN

# SÓL Á ALBÍR

BEINT FLUG

## VIKUFERÐ, FLUG, GISTING OG FARARSTJÓRN

10. - 17. MAÍ	10. - 17. MAÍ
<b>ALBIR GARDEN RESORT 3*</b>	<b>KAKTUS ALBÍR 4*</b>
ÍBÚÐ MEÐ EINU SVEFNHERBERGI	TVÍBÝLI MEÐ HÁLFU FÆÐI
VERÐ FRÁ <b>69.500 KR</b>	VERÐ FRÁ <b>119.900 KR</b>
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN VERÐ FRÁ 94.900 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA	Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN VERÐ FRÁ 121.900 KR. FYRIR 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ: FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS



Íbúar í Dalabyggð kjósa um samruna samhliða þess að kjósa í sveitarstjórnarkosningum um næstu helgi.

## Kanna hug Dalamanna til sameiningar

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTURLAND** Íbúar í Dalabyggð fá að lýsa skoðunum sínum á mögulegri sameiningu í könnun sem gerð verður samhliða sveitarstjórnarkosningunum þann 14. maí næstkomandi. Niðurstöðurnar munu nýttast nýrri sveitarstjórn sem gagn um hvort sameiningarviðræður eigi að eiga sér stað á komandi kjörtímabili og við hverja.

Fyrri spurningin á seðlinum verður hvort Dalabyggð ætti að hefja sameiningarviðræður og geta kjósendur svarað já, nei eða að þeir hafi ekki skoðun.

Í seinni spurningunni er hægt að velja annan hvorn þann sameiningarkostinn sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur velt fyrir sér að undanförunu. En það var eftir að



Húnapping vestra, Stykkishólmur og Helgafellssveit eru meðal valmöguleika.

sveitarfélagið lét gera fyrir sig valkostagreiðingu.

Annar er sameining til austurs við Húnapping vestra. Hinn er sameining til vesturs við Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit. En þau tvö sveitarfélög munu brátt sameinast eftir sérstaka kosningu í vetur. Þá verður einnig hægt að nefna og merkja við þriðja möguleikann. ■



**Troðfull verslun  
af merkjavöru  
frá eftirtöldum  
verslunum**

*Herra*  
**GARÐURINN**

*-klæðir þig vel*

KRINGLAN / SMÁRALIND


**BOSS**  
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

*Mathilda*  
Kringlunni

**COLLECTIONS**

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg



**Herra**  
*lagerinn*  
outlet  
*líka fyrir konur*

**HANZ**  
KRINGLUNNI

**Kvenvara 60% afsláttur**

**Herravara 40-50% afsláttur**

Herralagerinn Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Ópið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

## AUGLÝSING UM framlagningu kjörskrár og tilnefningar vegna kosningar vígslubiskups á Hólum

sbr. 9. og 11. gr. starfsreglna um kosningu  
biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022.



**Kjörskrá vegna kosningar vígslubiskups á Hólum hefur verið samþykkt og verður lögð fram 6. maí 2022. Viðmiðunardagur skilyrða kosningar-réttar er 28. apríl 2022.**

Kjósandi getur kannað á þar til gerðu vefsetri <https://kirkjan.is/vigslubiskup/kjoerskra> hvort nafn hans er á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarráðgjafar, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill. Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en fimm sólarhringum áður en tilnefning hefst. Athugasemdir skulu sendar á netfangið [kirkjan@kirkjan.is](mailto:kirkjan@kirkjan.is)

**Tilnefningin verður rafræn. Hún hefst kl. 12:00 hinn 19. maí 2022 og lýkur kl. 12:00 hinn 24. maí 2022.** Heimilt er að tilnefna allt að þrjú einstaklinga sem uppfylla kjörgengisskilyrði skv. 1. gr. ofangreindar starfsreglna.

Rétt til að tilnefna hafa vígðir einstaklingar sem kosningarréttar njóta auk leikmanna á kirkjuþingi, þ.e.:

- Þjónandi prestar eða djáknar íslensku þjóðkirkjunnar er tilheyra prófastsdæmum sem eru í Hólaumdæmi.
- Þjónandi prestar eða djáknar sem lúta tilsjónar biskups Íslands og eru í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagsamtaka hér á landi og sem starfa í Hólaumdæmi
- Kirkjuþingmenn.
- Vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðfræðideild Háskóla Íslands.
- Vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

Áætlað er að kosning vígslubiskups á Hólum hefjist kl. 12:00 hinn 23. júní 2022 og ljúki kl. 12:00 hinn 30. júní 2022.

Reykjavík, 6. maí 2022  
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar  
Anna M. Karlsdóttir, formaður.

## Vilja reisa nýja höll á næstu árum

kristinnpall@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTIR** Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra skrifuðu í gær undir viljayfirlýsingu þess efnis að ný þjóðarhöll fyrir innanhúss-íþróttir risi í Reykjavík. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki árið 2025 en þetta er ekki í fyrsta sinn sem skrifað er undir slíka viljayfirlýsingu.

Ef hugmyndir þeirra rætast mun ný þjóðarhöll verða tilbúin á sextíu ára afmæli Laugardalshallar sem hefur verið á undanþágum frá í rúma tvo áratugi. ■

## Sundabraut klár innan áratugar

kristinnpall@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson kynnti á ríkisstjórnarfundum gærdagsins tillögu um að skipa verkfnisstjórn sem sér um undirbúning þess að leggja Sundabraut.

Miðast undirbúningurinn við að framkvæmdir hefjist árið 2026 og að Sundabrautin verði tilbúin til notkunar 2031. Áætlaður kostnaður verði 1,5 milljarðar en að með þessu minnki akstur Íslendinga um 150 þúsund kílómetra á sólarhring. ■



Hugmyndir eru uppi um nýja höfn austan Víkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vilja nýja höfn við Vík og stórfelldan útflutning á gjalli

Erlent fyrirtæki hefur hug á að flytja út gjall í allt að heila öld. Íbúar á Suðurlandi eru jákvæðir en vilja nýja höfn nálægt námasvæðinu.

bth@frettabladid.is

**IGNADUR** Hluti íbúa á Suðurlandi vill skoða hvort rétt sé að fara í framkvæmdir við nýja höfn austan Víkur. Hugmyndin tengist áformum um útflutning á gríðarlegu magni af vikri. Vík er eina hafnlaus sjávarpláss landsins.

Fyrirtækið EP Power Minerals leitar leiða til að fá leyfi til að flytja mikið magn af vikri eða gjalli frá námum við Hafursey sem er í landi Kolbeinshöfða. Fyrirtækið gaf ekki kost á viðtali um áformin að sinni en ef mat á umhverfisáhrifum verður jákvætt er til skoðunar að flytja vikurinn frá Hafursey til Þorlákshafnar og skipa efninu þar upp í flutningaskip þar sem siglt yrði með vikurinn í þeim tilgangi meðal annars að nýta gjallið sem íblöndunar-efni í sement. Forskoðun bendir til að gjallið í námunni gæti dugað í útflutning allt að heila öld.

Hluti heimamanna á Suðurlandi sem hlynntir eru áformunum telur að hægt væri að koma í veg fyrir stórfellda umferð flutningabíla um þjóðveginn með því að láta gera nýja höfn nálægt námasvæðinu. Höfnin fengi þó fleiri hlutverk.

Vík hefur í gegnum tíðina verið kölluð hafnleysa, enda eina sjávarþorp landsins þar sem aldrei hefur verið höfn, að sögn Einars Freys Elínarson, oddvita í Mýrdalshreppi. Hann er í hópi áhugasamra íbúa um hafnargerð og þegar Fréttablaðið tók hann tali á Suðurlandi í vikunni benti hann á að ekki væru bara atvinnuleg tækifæri í þessum hugmyndum heldur einnig umhverfisleg.



„Áður en Jökulsá var brúuð héldu líka margir að það yrði ómögulegt.“



Einar Frey Elínarson, oddviti

„Þessir flutningar á vikrinum gætu orðið mjög óumhverfisvænir og þess vegna hefur sveitarfélagið lagt til að skoðað verði að gera nýja höfn á suðurströndinni,“ segir Einar. Hann tekur fram að hugmyndirnar miðist ekki við að hið opinbera standi straum af gerð nýrrar hafnar.

Einar telur enga ástæðu til að ætla að vandræðagangurinn við Landeyjahöfn muni endurtaka sig með nýrri höfn við Vík. Hægt sé að bregðast við sandburði með tæknilegum útfærslum.

„Maður skilur að mörgum þyki það langsótt hugmynd að gera hér nýja höfn en áður en Jökulsá var brúuð héldu líka margir að það yrði ómögulegt,“ segir Einar.

Einhæfni atvinnulífs er vandamál í Mýrdalshreppi að sögn Einars. Íbúar þurfi að vera vakandi fyrir fleiri tækifærum þótt blómleg ferðarþjónusta sé mikil blessun. Hann segir að rétt hafi verið um nýja höfn við Dyrhólaey alla síðustu öld eða þangað til hún var friðlýst. ■

## Segir óvíst hvar börnin sækja skóla

birnadrofn@frettabladid.is

**GARÐABÆR** Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Viðreisnar í Garðabæ, segir mikla óvissu um hvar fjörutíu börn í Barnaskóla Hjallastefnunnar muni sækja skóla í haust.

„Skólahúsnæðið á Víflsstöðum er sprungið og hefur Barnaskólinn óskað eftir að fá að koma fyrir færanlegu húsnæði á löðinni. Þessu hefur Garðabær ekki svarað og því er hægt að tryggja skólavist barna á miðstigi. Í stað þess að afgreidda málið er því vísað á milli nefnda,“ segir Sara.

„Hér er sveitarfélagið að missa for-



Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi Garðabæjar og oddviti Viðreisnar

ystu sína í stuðningi við sjálfstætt starfandi skóla, sem er ekki lengur sambærilegt við rekstrarumhverfi nágrannasveitarfélaganna. Garðabær er að taka stór skref afturábak, á sama tíma og Hafnarfjörður og Reykjavík taka stór skref í þágu foreldra og valfrelsis,“ segir Sara. ■



## HEILSUGÆSLAN LÁGMÚLA FLYTUR!

Við opnum á nýjum stað 11. maí nk., Hallgerðargötu 13, Kirkjusandi, 105 Reykjavík.

Heitum nú, Heilsugæslan Kirkjusandi.

Óbreytt starfsemi

Sami sími - 595 1300

Nýr staður.

HEILSUGÆSLAN  
KIRKJUSANDI





**HAGBLIKK**

# Álpakrennur og niðurföll

**Brotna ekki**

**Ryðga ekki**

Litir á lager:  
Svart, hvítt, ólitað, rautt,  
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi  
Þær eru einfaldar í uppsetningu

**HAGBLIKK**

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • [hagblikk@hagblikk.is](mailto:hagblikk@hagblikk.is) • [hagblikk.is](http://hagblikk.is)

## Vilja 120 nýjar íbúðir á Seltjarnarnesið

olafur@frettabladid.is

**SELTJARNARES** Bæjarmálafélagið Framtíðin vill byggja að minnsta kosti 120 nýjar íbúðir í miðbæ Seltjarnarness. Framtíðin vill skoða að setja leikskólareitinn í miðbæ bæjarins í einkaframkvæmd og blanda honum við íbúðabyggð. Þá vill félagið einkarekinn leikskóla.

Þetta kemur fram í Tímavélinni, blaði Framtíðarinnar sem dreift verður um helgina, en Fréttablaðið hefur undir höndum. Karl Pétur Jónsson, oddviti listans, staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið. „Við teljum tækifæri til að fjölga íbúum á Seltjarnarnesi. Fleiri vilja búa hér en fá, og við viljum svara eftirspurn með nútímalegri byggð.“ ■



Fleiri vilja búa hér en fá, og við viljum svara eftirspurn með nútímalegri byggð.



Karl Pétur Jónsson, oddviti Framtíðarinnar

# Ekki nægar fjárfestingar

Árið 2021 lék sveitarfélög landsins misgrátt fjárhagslega séð. Almennt séð voru tekjurnar betri en fólk þorði að vona. Laun verða sífellt stærri kostnaðarliður.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Fjögur af tíu stærstu sveitarfélögnum voru með jákvæðan rekstrarafgang á árinu 2021 en sex skiluðu halla. Almennt séð voru tekjurnar meiri en búist var við en fjárhagsáætlanirnar voru gerðar í myrkri. Í greiningu sinni bendir Sigurður Snævarr, hagfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga, á að afkoma ársins 2021 sé mjög slök í sögulegu samhengi.

„Tekjuþróunin er þokkaleg, í kringum 10 prósentin. Það er töluvert mikið betra en gert var ráð fyrir,“ segir Sigurður.

Fjárhagsáætlanirnar haustið 2020 hafi þó verið gerðar á þeim tíma þegar ekki var vitað til hvaða aðgerða ríkið myndi taka eða hvernig veiran myndi haga sér. Í óvissu sé betra að áætla tekjur varlega.

Rekstrargjöldin hækka um 9 prósent, um 7,4 í Reykjavík en 10,4 í hinum níu sveitarfélögnum. En þau eru Kópavogur, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Akureyri, Garðabær, Mosfellsbær, Árborg, Akranes og Fjarðabyggð.

Atvinnuleysi fór hátt í faraldrinum en reyndist þó minna en óttast var. Sigurður bendir á að ríkið hafi komið inn með sterkar aðgerðir. Þá hafi áhrif atvinnuleysis verið minni en eftir bankahrunið því tekjulægra fólk missti vinnuna. Margt fólk sem var ekkert langt frá lágmarkslaunum og atvinnuleysisbótum.

Stórt vandamál er fjárfestingarþörfin. Viðhaldsþörf hafi byggst upp frá eftirhrunsárunum, sem birtist meðal annars í myglumálum sem komið hafa upp í skólum. Fjárfestingar Reykjavíkurborgar hafi verið 11,5 milljörðum minni en gert var ráð fyrir. Fjárfesting Reykjavíkur jókst hins vegar um 9,4 prósent á



Uppbygging innviða hefur ekki gengið nógu hratt fyrir sig.

MYND/ADSEND



Sveitarfélögin eru að ýta á undan sér verulegri fjárfestingarþörf.



Sigurður Snævarr, hagfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga

árinu, en aðeins 3,4 prósent í hinum níu sveitarfélögnum.

„Sveitarfélögin eru að ýta á undan sér verulegri fjárfestingarþörf,“ segir Sigurður. Sveitarfélögin séu ekki að ná vopnum sínum hvað þetta varðar og það sjáist meðal annars á misheppnuðum útbodum.

Svæði sem eru í örum vexti krefjast mikillar fjárfestingar í innviðum, svo sem Árborg og Reykjanesbær. Sigurður segir sveitarfélögin ekki ná að byggja upp þá innviði sem til þarf.

„Veitukerfin eru að verða mikið vandamál,“ segir Sigurður. „Það þarf að gera gríðarlega mikið átak í fráveitumálum. Fráveitan er eitt stærsta umhverfismálið.“ Þá sé uppbygging leikskóla stórmál því ef bjóða á börnum pláss frá 12 mánaða aldri kosti það sveitarfélögin gríðarlegar upphæðir. En í dag standi leikskólajöldin aðeins undir um 10 prósentum rekstrar-kostnaðar.

Samkvæmt greiningunni hækkaði launakostnaðurinn um 11,2 prósent, og rúmlega 2 prósentu-stigum meira í Reykjavík en hinum níu. Þessi kostnaður var 56 prósent af tekjum árið 2019 en er 60 prósent núna. Hækkun um 4 prósent á ekki lengri tíma enda voru Lífskjara-samningarnir þyngrir fyrir sveitarfélögin en aðra. Þeir renna út í mars á næsta ári.

Sigurður bendir hins vegar á að stærsta fjárhagsmálið fyrir sveitarfélögin nú sé málefni fatlaðs fólks og beðið er eftir skýrslu um þau mál. Sigurður segir tekjustofninn hafa verið verulega vanreiknaðan þegar málaflokkurinn var færður yfir árið 2011. Hallinn árið 2020 af honum hafi verið á tíunda milljarð króna, sem samsvari heildartekjutapi sveitarfélaganna það ár. ■

## Rannsóknasjóður

### Umsóknarfrestur 15. júní

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkárið 2023.**

**Umsóknarfrestur rennur út 15. júní 2022, kl. 15:00.**

Umsækjendur eru beðnir um að kynna sér vel reglur Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2023 áður en hafist er handa við gerð umsókna.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Nánari upplýsingar og aðgang að rafrænu umsóknarkerfi má nálgast á [www.rannis.is](http://www.rannis.is).



INNVIÐSÉÐUR GRÁÐA HÖNDUR

## Traustur lífeyrissjóður

### Tryggj framtíð

## Ársfundur SL lífeyrissjóðs 2022

Fimmtudaginn 2. júní 2022 kl. 16:30

Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Breytingar á samþykktum
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðendur sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 25.04.2022

Stjórn SL lífeyrissjóðs



Skáksnillingurinn og Íslandsvinurinn Magnus Carlsen.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Skákheimurinn bíður ákvörðunar Carlsen

gar@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTIR** Nýleg yfirlýsing Norðmannsins Magnusar Carlsen, um að hann íhugi að leika ekki fleiri keppnisskákir um heimsmeistar-títilinn, veldur áhyggjum í skákheiminum. Carlsen er fimmfaldur heimsmeistari og stigahæsti skákmaður heims til ellefu ára þrátt fyrir að vera aðeins 31 árs.

„Það myndi draga úr vægi heimsmeistarainvígisins. Þess vegna vona ég innilega að Magnús tefli og verji títilinn. Það er víðeigandi að besti skákmaðurinn sé líka heimsmeistari,“ segir hollenska skákstjarnan



Norðmaðurinn Carlsen hefur verið handhafi heimsmeistaratítilsins í skák í átta ár.

Jorden van Foreest við norska dagblaðið Verdens Gang.

Carlsen sagði við Verdens Gang að líklega gefi hann frá sér heimsmeistararátignina, en undirstrikaði að það væri ekki hundrað prósent öruggt. ■

# Hannaður fyrir hughrif.

Nýr Kia Sportage.




Movement that inspires


Innblástur kemur víða að, þú þarft bara að finna hann. Kia Sportage tekur akstursupplifun þína í nýjar hæðir með einstökum aksturseiginlegum, tvöföldum bogadregnum skjá, öflugum fjórhjóladrifi og einstöku viðmóti. Kia Sportage er fáanlegur bæði sem Hybrid og Plug-in Hybrid með allt að 70 km drægi. Nánar á [kia.com](http://kia.com)

Komdu og reynsluaktu nýjum Sportage. Opið i dag frá 12-16. Við tökum vel á móti þér.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · [askja.is](http://askja.is)  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

 Fylgdu okkur á Instagram.  
[instagram.com/kiaisland](https://www.instagram.com/kiaisland)

 Fylgdu okkur á Facebook.  
[facebook.com/kiamotorsisland](https://www.facebook.com/kiamotorsisland)

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila. Nánari upplýsingar [askja.is/hledslulausnir](http://askja.is/hledslulausnir)

\*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á [www.kia.com/abyrgd](http://www.kia.com/abyrgd).

**CORNY BIG**

LIMITED EDITION  
**Schoko**  
salted Caramel

**CORNY BIG MED SÚKKULAÐI  
OG SALTRI KARAMELLU**

# Telja að Rússlandsforseti sendi dómsdagsviðvörðun

NATO eykur viðbúnað sinn í austri á meðan Rússlandsforseti heldur áfram að hótá áráð á aðildarríki. Búist er við tíðindum í ræðu Pútíns á Rauða torginu á sigurdegi Rússa þann 9. maí.

tsh@frettabladid.is

Talið er að Vladímír Pútín Rússlandsforseti muni senda Vesturlöndum „dómsdagsviðvörðun“ næsta mánudag, 9. maí, er Rússar fagna 77 árum frá sigri Sovétmanna á nasistum í síðari heimstyrjöldinni, að sögn Reuters.

Talið er að Pútín muni halda ræðu á Rauða torginu í Moskvu frammi fyrir fylktu liði hermanna, skriðdreka, herflugvéla og langdrægra skotflauga. Að sögn varnarmálaráðuneytis Rússa munu herþotur og Tu-160 sprengjuflugvélar fljúga yfir Dómkirkju heilags Basils ásamt „dómsdags“ yfirherflugvélinni Il-80 sem mun sjást á slíkum viðburði í fyrsta sinn síðan 2010.

Ef svo fer að Rússland efni til kjarnorkustríðs mun sú flugvél verða hreyfanleg stjórnstöð Rússlandsforseta og hæstráðandi yfirmanna rússneska hersins. Flugvélin er búin hátæknilegum búnaði en nákvæmar upplýsingar um hana eru hernaðarleyndarmál.

Pútín hefur reglulega líkt stríðinu í Úkraínu við stríði Sovétríkjanna gegn Þýskalandi nasismans í síðari heimstyrjöldinni en Vesturlönd hafa hafnað þeirri orðræðu sem þvælu og sakað Rússa um tilefnislaus grimmdarverk í kjölfar innrásarinnar.

Ýmsir hafa velt vöngum yfir því að Pútín gæti gripíð tækifærið á sigurdaginn 9. maí til að lýsa formlega yfir stríði gegn Úkraínu eða stigmagna átökin á annan hátt.

„Að öllum líkindum mun Pútín þá lýsa yfir stríði, þótt hann sé búinn að vera í stríði í yfir tvo mánuði, til þess að geta þvingað fram herkvaðningu,“ sagði Óskar Hallgrímsson fyrr í vikunni.

Pútín hefur einnig haldið áfram að hótá mögulegri áráð á aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, eitthvað sem myndi án efa virkja 5. grein

## NATO styrkir austurvæng sinn

NATO hefur 40 þúsund hermenn undir sinni stjórn í Austur-Evrópu. Það eru um það bil tífalt fleiri en voru fyrir innrás Rússlands í Úkraínu.



\*Tölurnar ná ekki samtals 40 þúsund því inn í þær vantar herlið sem starfar á vefnum, í geimnum, á sjó og í lofti. Heimild: NATO, Financial Times © GRAPHIC NEWS

NATO-samningsins þar sem því er lýst að áráð á eitt bandalagsríki jafngildi áráð á þau öll og gæti greitt leiðina fyrir heimstyrjöld.

Varnarviðbúnaður NATO-ríkanna á eystri væng sambandsins, frá Eystrasaltslöndunum í norðri niður til Búlgaríu og Svartahafs í suðri, samanstendur í dag af um 330.000 hermönnum. Inni í þeim fjölda eru herir aðildarríkanna ásamt liðsauka frá Vestur-Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Til viðbótar við fótgönguliða eru hátt í 130 NATO-herflugvélar í viðbragðsstöðu og um 150 herskip sinna sjó-gæslu, samkvæmt upplýsingum The Financial Times. ■



**Að öllum líkindum mun Pútín þá lýsa yfir stríði, þótt hann sé búinn að vera í stríði í yfir tvo mánuði, til þess að geta þvingað fram herkvaðningu.**

Óskar Hallgrímsson, ljósmyndari

Viltu ljóma til næsta bæjar?

**20% afsláttur**  
af Cinderella og húðslípun\*



Þjóðum einnig upp á persónulega ráðgjöf



\*gildir til 13. maí 2022

Verið velkomin!



Hátún 6b, 105 Reykjavík / Sími 519 3223 / www.hudin.is

# Úkraína og Ísland nátengdar þjóðir

tsh@frettabladid.is

Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, ávarpaði Alþingi í gær í gegnum fjarfundarbúnað. Þingmenn, ráðherrar og forseti Íslands fylgdust grannt með því er Selenskíj bauð þingheimi góðan daginn á íslensku. Hann kvaðst þakklátur fyrir að fá að tala fyrir framan Alþingi Íslendinga, „elsta löggjafarþingi í hinum frjálsa heimi“, og undirstrikaði menningarleg tengsl Íslands og Úkraínu.

„Úkraína og Ísland eru svo sannarlega nátengd, við höfum tengst menningarlegum böndum í yfir þúsund ár,“ sagði hann og bætti því við að þótt þjóðirnar tvær lifðu við ólíkar aðstæður sín á hvorum enda Evrópu deildu þær svipuðum gildum, ást á frelsi og lýðræði.

„Auðvitað snýst þetta um frelsi, jörðina sem er réttilega okkar og menningu okkar,“ sagði hann.

Selenskíj lýsti innrás Rússa sem tilraun til að brjóta niður lýðræði og sjálfstæði Úkraínu og sakaði Rússa um að flytja hálf milljón Úkraínanna nauðuga til Rússlands.

„Til að tryggja að við höfum ekki lýðræði, til að tryggja að við höfum



Selenskíj flutti ræðuna á ukrainsku á fjarfundi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ekki sjálfstæði, til að tryggja að jarðvegur okkar og náttúra okkar sé notuð gegn okkar hagsmunum.“

Forsetinn kvaðst vera þakklátur Íslendingum fyrir þátttöku þeirra í efnahagsþvingunum gegn Rússum. „Ég hvet ykkur eindregið til að stoppa ekki, ég hvet ríkisstjórn ykkar, diplomata ykkar og fólkið ykkar til að berjast fyrir áframhaldandi pressu gegn Rússlandi, verið baráttumenn fyrir frelsi á öllum sviðum. Engin viðskipti við

einræðið,“ sagði Selenskíj.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpaði samkunduna eftir ræðu Selenskíjs og sendi stuðningskveðjur til ukrainsku þjóðarinnar á þessum „dimmu tímum“.

Guðni lauk ræðu sinni á ukrainsku og sagði: „Við stöndum með öllum þeim sem leita friðar, við stöndum með þeim sem þurfa að verjast ofbeldi og við stöndum með þeim sem vilja búa í frjálsu lýðræðislegu samfélagi.“ ■

FYRSTU SUMARBLÓMIN  
BYRJUÐ AÐ STREYMA INN



# Gleðilegan mæðradag!

Úrval af glæsilegum mæðradagsvöndum, blómstrandi plöntum og fleiru til að gleðja mömmu. 500kr af hverjum blómvendi rennur til UN Women til styrktar verkefnisins 'Náðir þú að pakka'



Nellika, Snædrífa, Stjúpa og Fjóla eru sterk sumarblóm sem hafa reynst vel í íslenskri veðráttu.

Úrval af fallegum plöntum og pottum



GARÐHEIMAR

opið alla daga 10 - 21 & allan sólarhringinn á [gardheimar.is](http://gardheimar.is)

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM



## PASO DOBLE

Tungusófi, vinstri eða hægri tunga. Beinhvitt eða dökkgrátt áklæði.  
Stærð: 303 x 157 x 64 cm.

**447.992 kr.** ~~559.990 kr.~~



## SCOTT

Hornsófi, vinstra eða hægra horn. 293 x 217 x 85 cm.

**Nú 223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~



## SICILIA

3ja sæta nettur sófi. Ljósgrátt áklæði.  
196 x 94 x 82 cm. **Nú 103.992 kr.** ~~129.990 kr.~~  
Hnakkapúði. **Nú 14.320 kr.** ~~17.900 kr.~~



## PINTO

4ra sæta sófi úr sterku bonded leðri. 253 x 97 x 85 cm.  
**Nú 199.992 kr.** ~~249.990 kr.~~



## DC 3600

3ja sæta sófi í Savoy/split leðri. Koniaksbrúnu eða svörtu. 202 x 80 x 80 cm. **Nú 239.992 kr.** ~~299.990 kr.~~



## CLEVELAND

Tungusófi hægri eða vinstri. Dökkgrár.  
231 x 140 x 81 cm. **Nú 103.992 kr.** ~~129.990 kr.~~



## NATUZZI EDITIONS

2ja sæta sófi í svörtu mjúku ítölsku gæðaleðri.  
166 x 88 x 76 cm. **Nú 311.992 kr.** ~~389.990 kr.~~

Reykjavík  
Bíldshöfði 20  
11 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1  
11 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



### AVILA

2ja sæta sófi í Kentucky koníakslituðu bonded leðri. 190 x 94 x 77 cm. **Nú 103.994 kr. 159.990 kr.**

### ATLANTA

3ja sæta sófi. Þægilegur sjónvarpssófi, Ekta dökkbrúnt eða svart leður. Tvö sæti eru rafknúin og hægt að leggja miðju sætið niður og verðu að borði. 198 x 96 x 98 cm.

**Nú 263.920 kr. 329.990 kr.**



### HEAVEN

3,5 sæta sófi í Danny Nougat brúnu áklæði. 290 x 105 x 82 cm. **Nú 263.992 kr. 329.990 kr.**



### VERA

3ja sæta sófi í gulu fallegu áklæði. 226 x 96 x 85 cm. **Nú 223.992 kr. 279.990 kr.**



### DC 8900

3ja sæta sófi í Savoy/split leðri. Koníaksbrúnu eða svörtu. 224 x 86 x 80 cm. **Nú 263.992 kr. 329.990 kr.**



### PARIS

Hornsófi með hægra eða vinstra horni. Dökkgrátt áklæði. 247 x 195 x 92 cm. **Nú 199.992 kr. 249.990 kr.**



### KOS

3ja sæta XL sófi í ljósu áklæði. 248 x 100 x 84 cm. **Nú 239.992 kr. 299.990 kr.**



### OREGON

Tungusófi, hægri. Grátt áklæði. 315 x 179 x 82 cm. **Nú 351.992 kr. 439.990 kr.**



### CLEVELAND

Hornsófi hægri eða vinstri. Ljósgrár eða dökkgrár. 308 x 203 x 81 cm. **Nú 159.992 kr. 199.990 kr.**

## MÆÐRADAGSTILBOÐ

20%  
AF ÖLLUM  
KERTASTJÖKUM



20%  
AF ÖLLUM  
VÖSUM



SKOÐAÐU  
TILBODIN



20%  
AF AYU  
VÖRUM



20%  
AF ÖLLUM  
PÚÐUM



Öllum mæðradagsgjöfum fylgir frí netáskrift í mánuð frá Birtingi

\* Afsláttur gildir af öllum sófum nema Construct og sérpöntunum

HÚSGAGNA  
HÖLLIN



Lífeyrisþegar sem tekið hafa út séreignarlífeyrissparnað hafa orðið fyrir skerðingum hjá Tryggingastofnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

# Covid-úrræði olli tekjutapi og skuldum



Lovisa  
Arnardóttir  
lovisa  
@frettabladid.is

Lífeyrisþegar sem tóku út lífeyrissparnað sem hluta af sérstöku úrræði stjórnvalda í heimsfaraldri Covid, búa margir hverjir enn við skerðingar og skuld við Tryggingastofnun nærri tveimur árum eftir úttekt, þrátt fyrir að skýrt væri tekið fram í lögum að úttektin ætti ekki að leiða til skerðinga.

Til að bregðast við Covid-heimsfaraldrinum heimiluðu stjórnvöld lífeyrisþegum, með takmörkunum, úttekt á séreignarsparnaði sínum án þess að það hefði áhrif á bætur þeirra eða réttindi. Rúmu ári eftir að heimildin var gefin kom í ljós að allt að 300 lífeyrisþegar sem nýttu sér þetta höfðu mögulega orðið fyrir skerðingu.

Ástæða skerðingarinnar er ýmist sú að úttektin var vitlaus skráð hjá vörsluadílum sem úttekt vegna örorku, að ekki voru til rétt umsóknareyðiblöð fyrir úttektina hjá vörsluadila, eða að umsóknareyðublaðið var ekki þannig hannað að lífeyrisþeginn gæti komið því á framfæri að um slíka úttekt væri að ræða.

Eins og stendur er eitt mál til meðferðar hjá Yfirséðingarnefnd vegna slíkra skerðinga, en í síðasta mánuði kvað nefndin upp sinn fyrsta úrskurð í slíku máli og felldi úr gildi ákvörðun rikisskattstjóra í máli manns sem hafði tekið út sparnað sem var vitlaus skráður á skattframtali sem tekjur.

Í frétt á vef Tryggingastofnunar í júlí í fyrra kom fram að orsök skerðingarinnar hjá þeim væri skráning tekna í skattframtal af hálfu vörsluadila séreignarsparnaðar. Var úttektin skráð í skattframtal sem lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóðum en ekki sem sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar, sem hefur ekki áhrif á tekjutengdar bætur. Þar kom svo fram að Tryggingastofnun bæri að fara eftir skráningu frá Skattinum og gæti því ekki breytt skráningunni.

## Á annað hundrað biða

Tryggingastofnun sendi bréf til þeirra 300 sem töldu sig hafa orðið fyrir slíkri skerðingu með upp-

lýsingum um hvernig væri hægt að fá leiðréttingu. Samkvæmt upp lýsingum frá stofnuninni kom í ljós við nánari skoðun að alls urðu 207 einstaklingar fyrir lækun og við síðustu úttekt stofnunarinnar hafði aðeins 51 þeirra fengið skattframtali sínu breytt hjá Skattinum og í kjölfarið endurútreikning hjá TR.

„Það eru því 156 lífeyrisþegar sem hafa ekki fengið endurútreikning vegna skráningar séreignarsparnaðar á árinu 2020,“ segir í svari stofnunarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins og að ítrekað verði við hópinn hvernig er hægt að óska þess að fá þetta leiðrétt.

Július Birgir Jóhannsson hefur í meira en ár barist fyrir því að fá skráningu í skattframtali leiðréttta svo hægt verði að leiðrétta skerðingu á tekjum hans og réttindum, en í miðjum heimsfaraldri tók hann út hluta séreignarsparnaðar síns, í þeirri trú að það myndi ekki skerða tekjur hans eða réttindi með neinum hætti.

Anna Kjartansdóttir tók út séreignarsparnað lífeyrissjóðs hjá Íslenska lífeyrissjóðnum hjá Landsbankanum árið 2020 og segist, eins og margir aðrir í þessari stöðu, hafa hakað í vitlausan reit og úttektin því vitlaus skráð á skattframtalinu hennar.

Ásgeir Jónsson öryrki tekur í sama streng og Anna, en hann tók út séreignarsparnaðinn sinn hjá Almenna lífeyrissjóðnum í tengslum við úrræði stjórnvalda í þeim tilgangi að kaupa sér húsnæði.

„Ég fékk svo bréf frá TR þar sem þau biðja lífeyrissjóðinn um að haka við reit 140 í stað 143 en þau neita því og biðja Skattinn að gera það, sem neitar því líka, og þá þurfti ég að borga alla summuna til baka því það er ekki reitur á eyðublaðinu frá Almenna lífeyrissjóðnum til að haka við vegna húsnæðiskaupa. Svo vegna þess að ég er öryrki er verið að hegna mér tvisvar fyrir að taka þetta út,“ segir Ásgeir, en reitur 140 á framtalinu er sá reitur sem þeir sem taka út samkvæmt úrræðinu eiga að haka við. ■



156 lífeyrisþegar hafa enn ekki fengið endurútreikning vegna skráningar séreignarsparnaðar á árinu 2020.

## Búinn að margborga til baka



**Júlíus Birgir Jóhannsson**  
Rúmu ári eftir að Júlíus tók sparnaðinn út komst hann að því að úttektin var skráð með vitlausum hætti á skattframtali hans og reiknuð sem tekjur.

„Það hefur skapast ákveðinn víthringur frá því að þetta byrjaði. Ég er dauðblindur og heyri ekki neitt. Það kom nýlega á markað búaður fyrir fólk eins og mig sem Heyrnar- og talmeinstöðin hefur milligöngu um, þetta er sérstakur dyrbjöllubúnaður, reykskynjarar og vekjaraklukkur. Sjúkratryggingar borga bara 80 prósent en eftir standa 20 prósent. Mig vantaði peninginn fyrir mínum hluta kostnaðarins. Ég sótti um styrk hjá borginni og var að

biða eftir úrvinnslunni þegar ég ákvað að taka lífeyrissjóðinn út,“ segir Júlíus Birgir.

Hann segir hina röngu skráningu hafa haft viðtæk áhrif á líf hans og geri enn. Þar sem Skatturinn skráði þetta sem tekjur hafði það áhrif á upphæðina sem hann fékk greidda út frá Tryggingastofnun og svo í kjölfarið skertust húsaleigubæturnar í samræmi við þessar meintu hærri tekjur.

Hann segir að afleiðingarar séu svo umfangsmiklar og dreifist á svo margar stofnanir að hann geri sér varla vonir um að fá allt til baka. Það eigi þó eftir að koma í ljós eftir nýfallinn úrskurð Yfirséðingarnefndar.

„Ég veit að ég er búinn að margborga úttektina til baka.“

Aðspurður segir Júlíus að hann hefði hætt við úttektina hefði hann vitað hverjar afleiðingarar yrðu.

## Fær enn skertar tekjur vegna málsins



**Anna Kjartansdóttir**  
„Ég hélt að ég væri að haka við á grundvelli sérstöku heimildarinnar í tengslum við Covid og sam-

kvæmt henni átti úttektin ekki að skerða mínar tekjur hjá TR. Það var grundvöllur úttektarinnar,“ segir Anna.

Hún segir að eftir að þetta uppgötvaðist hafi hún verið í stöðugu sambandi við Skattinn en að þau hafi ekki enn fengist til að breyta skráningunni á skattframtali hennar og segist ekkert geta gert.

„Ég fór í skuld við Tryggingastofnun út af þessu og enn í dag er verið að skerða tekjurnar mínar þar,“ segir Anna.

## Hefði líklega ekki tekið sparnaðinn út



**Ásgeir Jónsson**  
Ásgeir segir að hann sakni þess að hafa ekki fengið leiðbeiningar um umsókn

sína en að þegar hann sótti um hafi ekki verið neinar leiðbeiningar á vef Almenna lífeyrissjóðsins um þetta. Þess má geta að á umsókninni þegar Ásgeir sótti um var ekki hægt að haka við að það væri vegna úrræðis stjórnvalda.

„Það kom hvergi fram að þetta gæti valdið skerðingum hjá Tryggingastofnun,“ segir Ásgeir og bætir við að hefði hann vitað af þessu þá hefði hann líklega ekki sótt um að taka sparnaðinn út.



# STYRKARSJÓÐUR LYFJU 2022

**Sýn Lyfju er að lengja líf og auka lífsgæði**

Með það að leiðarljósi veitir Lyfja styrki ár hvert til verkefna sem teljast heilsueflandi og hafa forvarnargildi.

## **Lyfja styrkti eftirfarandi verkefni á síðasta ári**

### **Sofa Borða Elska**

Markmið verkefnisins er að hjálpa barnafjölskyldum að sofa betur

### **Lífrænt líf**

Heimildarmynd sem fjallar um lífræna ræktun á Íslandi

### **Okkar heimur**

Verkefni á vegum Geðhjálpur sem felur í sér stuðning og fræðslu fyrir börn og aðstandendur barna með geðrænan vanda

### **Þögul tár**

Forvarnarmynd um sjálfsvíg

### **Frú Ragnheiður - Rauði krossinn**

Þjónusta á vettvangi við jaðarsetta einstaklinga

**Sæktu um á [lyfja.is/styrkir](https://lyfja.is/styrkir)**

**Umsóknarfestur til 1. september 2022**



# Verbúðin sanna



Sigmundur Ernir  
Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

Verbúðin vakti gríðarlega lukku á vetrinum sem leið, en þar var um leikið sjónvarpsefni að ræða. Og margur áhorfandinn mátaði efni þáttanna við liðna tíð, sláandi sér á lær yfir ósköpunum, gott ef ekki skríkjandi af hlátri.

En verbúðin er líka veruleiki. Hún er ekki bara leikrit. Og hún er enginn brandari. Hún blasir við okkur, enn þann dag í dag, í öllum sínum seinni tíma nóturleika.

Fyrir fjórum árum, akkúrat einu kjörtímabili, missti Sjálfstæðisflokkurinn í Vestmannaeyjum meirihluta sinn í bænum eftir tólf ára samfellda sigurgöngu. Það var forkölfum flokksins gríðarlegt áfall. Það fór enda svo að valdakerfi hans í bænum hrundi, svo til á einni nóttu.

Við tók atburðarás sem var algerlega úr karakter fyrri tíma eigenda útgerðarfyrirtækjanna í Vestmannaeyjum sem vissu sem var, að sakir yfirburðastöðu sinnar í atvinnulífi eyjaskeggja yrðu þeir að halda sér til hlés í pólitík bæjarins.

En annað kom á daginn fyrir fjórum árum þegar flokkurinn var allt í einu og skyndilega kominn í minnihluta. Þá var tekið til sinna ráða.

Tvö stærstu útgerðarfyrirtækin í bænum, Ísfélagið og Vinnslustöðin, sem eru í hópi allra ríkustu fyrirtækja sinnar atvinnugreinar á Íslandi, keyptu hvort sinn ríkjandi hlut í bæjarblaðinu Eyjafréttum og sameinuðust um að koma rétta fólkinu að ritvélinni. Ritstjórnarnir sem ráðnir voru tengdust báðir bæjarstjórnarflokkki Sjálfstæðisflokksins sterkum böndum, annar þeirra eiginmaður þáverandi oddvita flokksins og hinn situr núna í fjórða sæti listans. Og fóru þar með í hönd skýtasendingar í garð nýrra valdhafa í Eyjum sem áttu sér ekki nokkur fordæmi hvað illmæli og hrakyrði varðar, enda erindið augljóst, að rífa niður manneskjurnar sem komnar voru við völd – og höfðu hrifsað þau af hinum útvalda og rétta ráðstjórnarflokki.

Og til að taka af allan vafa um að þessi sterku útgerðarfyrirtæki ætluðu sér að ráða einu og öllu í pólitíkinni í bænum tóku þau til við að ráða sínu fólki á lista flokksins fyrir kosningararnar að viku liðinni. Í oddvitasæti flokksins var valinn útgerðarstjóri Ísfélagsins og í baráttusætið rataði dóttir helsta eiganda Vinnslustöðvarinnar. Listinn var þannig tryggður í bak og fyrir. Hér átti ekki að taka nokkra áhættu.

Íslendingar hafa afhent örfáum útgerðarfjölskyldum öll yfirráð til sjós, svo auðurinn vellur upp úr vösum þeirra. Þessar fjölskyldur sitja að völdum sem ná langt út fyrir lýðræðið í landinu. ■

”  
Íslendingar hafa afhent örfáum útgerðarfjölskyldum öll yfirráð til sjós, svo auðurinn vellur upp úr vösum þeirra. Þessar fjölskyldur sitja að völdum sem ná langt út fyrir lýðræðið í landinu.

## Gunnar



## Mín skoðun

# Okkar eigin þrælasalar



Sif  
Sigmarsdóttir

Við Íslendingar tollum að jafnaði í tiskunni. Nýverið hefur okkur hins vegar gengið illa að sníða heitustu hegðunina í útlöndum að aðstæðum heima fyrir.

Í síðasta mánuði var stytta Ásmundur Sveinssonar af landkönnuðinum Guðríði Þorbjarnardóttur stolið af stalli sínum við Laugarbrekku á Snæfellsnesi. Verkið, sem er talið fyrsta íslenska stytta af nafngreindri konu og sýnir Guðríði og nýfæddan son hennar í Ameríku í kringum árið 1000, birtist stuttu síðar fyrir utan Nýlistasafnið innan í heimasmíðaðri geimflaug. Um var að ræða gjörning tveggja listakvenna, sem sögðu styttuna rasiska og vildu breyta henni í geimrusl.

Síðustu ár hefur stytta af rasistum og þrælahöldurum verið steipt af stalli víða um heim. Margir klóruðu sér hins vegar í höfðinu yfir íslenski útgáfu mótmælaþyggjunnar. Hvað höfðu Ásmundur og Guðríður unnið sér til saka? Listakonurnar víðurkenndu að hvorki myndhöggvarinn né viðfangsefni hans hefðu verið rasistar. Þær héldu þó ásökunum sínum til streitu og túlkuðu eigin gjörning sem „átök um óuppgerðan menningararf“.

### Afrefk eins, harmur annars

Hinn 8. júní árið 793 horfðu munkarnir á eyjunni Lindisfarne við norðausturströnd Englands til sjávar. Utan úr þokunni birtist óvættur, höggormur eða dreki sem beraði tennurnar. Eftir því sem skepnan nálgast land varð munkunum þó ljóst að ekki var um að ræða eiginlegt skrimslu heldur skip, stærra og hraðskreiðara en þeir höfðu nokkru sinni séð.

Drungi himins spegladist í hjálmum þungvopnaðra manna sem stukk frá borði og þustu upp ströndina. Örvæntingaróp fylltu loftin er innrásarherinn sláðið munkunum einum af öðrum. Blóð þakti vegg kirkjunnar. „Heiðingjar tröðkuðu á líkum dýrlinga í musteri Guðs eins og mykju


á götu.“ Gestirnir yfirgáfu eyjuna klyfjaðir gersemum klaustursins.

Árásin á eyjuna Lindisfarne er talin marka upphaf víkingaaldar í Evrópu. Frá sjónarhóli okkar Íslendinga eru forfeður okkar víkingarnir holdgervingar hugrekksis og framtakssemi. Í grunnskóla er okkur sagt frá heimshornaflakki þeirra, sjálfsbjargarviðleitni og hæfileika þeirra á sviði skipasmíða. Látið er sem strandhögg hafi verið þess tíma verslunarleiðangur í Kringluna og stúlknarín á Írlandi hafi verið í ætt við að pikka upp skvísu á Kaffibarnum. Í nýlegri kennslubók í Íslandssögu sem Námsgagnastofnun gaf út segir: „Vikingaöld er að mörgu leyti merki-legasta tímabilið í sögu Norðurlanda en afrek norrænna manna á þeim tíma gerðu þá að mestu heimsborgurum Evrópu.“

En „afrek“ eins er harmur annars. Í breskum grunnskólum læra börn um Alfegus erkibiskup af Kantaraborg, sem víkingar drápu eftir að hafa farið ránshendi um dómkirkjuna hans og brennt hana til grunna. Í augum þeirra voru víkingarnar ofbeldismenn, þjófar og þrælasalar.

Margar þjóðir endurmeta nú sögu sína. Styttur falla; hetjudáð verður hrottaskapur; hnigið heimsveldi þar sem „sólin settist aldrei“ kiknar nú af skömm yfir athæfi sínu í nýlendum þar sem „blóðið storknaði aldrei“. Langi okkur Íslendinga til að taka þátt í þeirri vegferð er ekki nokkur þörf á listrænni oftúlkun í leit að gömlum syndum. Fyrir framan nefnið á okkur er hneyksli sem við erum ekki aðeins sek um að hunsu heldur líka hagnast á.

Á stöllum um borg og bý upphefjum við hjálmklædda blóðhunda fortíðar án þess að gefa því nokkurn gaum. Að auki gerum við okkur víkingana að féþúfu en líkneski af þeim fylla hillur helstu túristabúða. Við Íslendingar stöndum vel undir okkar eigin stytta-hneisu. Þyrsti fólk í átök um „óuppgerðan menningararf“ er af nógu að taka án þess að mannorð myndhöggvara og viðfangsefnis hans sé atað aur að ósekju. ■



Háteigs  
kirkja

## Aðalsafnaðarfundur 2022

Aðalsafnaðarfundur Háteigssóknar,  
verður haldinn sunnudaginn 15. maí n.k.  
í Safnaðarheimili kirkjunnar kl.12.

Dagskrá:  
Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknamefnd.

”  
Þyrsti fólk í átök um „óuppgerðan menningararf“ er af nógu að taka án þess að mannorð myndhöggvara og viðfangsefnis hans sé atað aur að ósekju.



ICELANDAIR

Októberfest

blómstrar á ný!



MÜNCHEN

[icelandair.is](http://icelandair.is)

Matur og menning  
á meginlandinu

Októberfest verður loksins haldin aftur með hefðbundnu sniði í ár. Þetta er hátíð sem allir þurfa að upplifa að minnsta kosti einu sinni á lífsleiðinni. Svo er München líka bara frábær áfangastaður fyrir fjölskylduna allan ársins hring.

Bókaðu þína ferð til München í dag!



Eftir að Juventus hafði tryggt sér Matthijs de Ligt kom Mino Raiola með leikmanninum og var fagnað sem þjóðhetju af stuðningsmönnum Juventus. Allir stuðningsmenn sungu Mino, Mino, Mino og vildu fá mynd af kappanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

Mino Raiola, einn merki-  
legasti fyrir fótboltans, er látinn.  
Hann lætur eftir sig tvo syni  
og ókláraða samninga um  
framtíð Erling Braut Haaland  
og Paul Pogba – svo tveir séu  
nefndir. Hann kom að sam-  
ningaviðræðum Inter og Ajax  
um Dennis Bergkamp en stóra  
tækifærið kom þegar Pavel  
Nedved sló í gegn á EM 1996.

benediktboas@frettabladid.is

Umboðsmaðurinn Mino Raiola lést í vikunni aðeins 54 ára gamall. Hann var ólíkur flestum öðrum umboðsmönnum sem vilja yfirleitt vera bak við tjöldin, klæddir í finustu jakkaföt. Raiola var bara í stuttermabol og gallabuxum, þéttur á velli og hataði ekkert sviðsljósið. Hann lenti upp á kant við fjölmarga knattspyrnustjóra og yfirmenn knattspyrnumála hjá stórum félögum en það er ljóst að leikmenn sem hann vann fyrir elskuðu hann. Og það eru ekkert bara einhverjir leikmenn því Raiola var með á sínum snærum marga af bestu og efnilegustu knattspyrnumönnum Evrópu.

Mino Raiola fæddist á Suður-Ítalíu en flutti ungur til Haarlem í Hollandi með foreldrum sínum þar sem þau opnuðu pitsustað. Hann sagði eitt sinn að fjölskyldan hefði kennt honum vinnusíðferði. Að hver einn og einasti viðskiptavinur skipti máli og enginn starfsmaður væri ofgóður til að þrifa klósettið.

Hann skar sig úr í fjöldanum. Yfirborðskenndir fótboltamenn eru yfirleitt uppteknir af útlitinu en Raiola var alveg sama. „Ég er lítill og feitur og er í fötum sem mér líður vel í. En margir vanmátu mig lengi vel vegna þess að ég var ekki í jakkafötum, eitthvað sem ég nýtti mér við samningaborðið,“ sagði hann árið 2019 við Sport1.

Hann spilaði fótbolta með Haarlem en vann á pitsustað foreldra sinna með tudrusparkinu en hann var ekki nógu góður til að verða atvinnumaður og lagði skóna á hilluna um 18 ára gamall. Hann lærði lögfræði í tvö ár, sem hann sagði við þýskt sporttímarit að hefði verið mesta tímasóun lífs síns. Þar sem hann talaði betri hollensku en karl faðir hans sá Raiola um bókhaldið

## Umbinn sem breytti leiknum

### Nokkrir leikmenn sem voru hjá Raiola

- Erling Braut Haaland, framherji Dortmund
- Matthijs de Ligt, varnarmaður Juventus
- Gianluigi Donnarumma, markmaður PSG
- Paul Pogba, miðjumaður Man. Utd
- Marco Verratti, miðjumaður PSG
- Ryan Gravenberch, miðjumaður Ajax
- Justin Kluivert, framherji Roma
- Xavi Simons, miðjumaður PSG

og samskipti við birgja, meðal annars ítalska þar sem hann talaði júst ítölsku. Draumur hans var samt að vera tengdur fótboltanum.

Eitt sinn kom eigandi Haarlemliðsins inn á pitsustaðinn og Raiola á að hafa sagt við hann að liðið gæti ekki neitt en undir hans stjórn myndi það breytast. Eigandinn sannfærðist og réð Raiola sem yfirmann knattspyrnumála. Raiola hafði stóra drauma og í viðtali við The Financial Times sagðist hann hafa séð unglíng hjá Ajax, Dennis Bergkamp, og að hann ætlaði að koma honum til Haarlem, selja hann til stórlíðs og byggja upp Haarlem fyrir þá peninga. Það gekk ekki og Raiola yfirgef stöðuna skömmu síðar.

Stóra tækifærið í umboðsmennsku kom þegar Rob Jansen, sem þá var að selja tæðan Bergkamp til Inter frá Ajax, bað Raiola að vera þýðanda og þul í þeim vistaskiptum. Raiola talaði alls sjö tungumál og fékk hann starf í kjölfarið hjá Jansen hjá Sports Promotions. Eftir að hafa verið viðloðandi vistaskipti Bryan Roy til Foggia, Wim Jonk til Inter og fleiri Hollendinga yfirgaf

Raiola Sports Promotions til að byrja með sinn eigin rekstur.

Fótboltinn var að breytast í kjölfar Bosmans-samningsins og sjónvarpspeninga. Eftir Evrópukeppnina 1996 keypti Lazio Pavel Nedved og Raiola sá um samninginn. Lazio var þá undir stjórn Zdenek Zeman sem Raiola hafði kynnst hjá Foggia í tengslum við Bryan Roy-samninginn. En fyrsta alvöru samningnum var lokað og stjarna við samningaborðið var fædd. Stjarna sem skein allt til dauðadags.

Hann sá um viðskiptavinum sína eins og foreldrarnir höfðu kennt honum. Allir voru mikilvægir og ekkert verk var of erfitt til að leysa. Miðað við minningarorð fyrrverandi skjólstaðinga hans á Twitter hjálpaði hann sínum mönnum að koma sér fyrir á nýjum stöðum. Kaupa íbúðir, bíla, ísskáp, fá rafvirkja til að tengja og nánast allt þar á milli. Trúlega voru fleiri klukkutímar í hans sólarhring en annarra.

Heilsu Raiola fór að hraka í byrjun árs en í upphafi árs sagði þýska blaðið Bild að hann hefði verið lagður inn á gjörgæsludeild San Raffaele-sjúkrahúsins þar sem hann gekkst undir aðgerð. Þá var ástand hans sagt stöðugt og heilsan öll á uppleið en hann hafði fengið lungnabólgu. Tilkynnt var að hann væri látinn fimmtudaginn 28. apríl en það reyndist vera uppspuni. Fjölskyldan tilkynnti þó um andlátíð tveimur dögum síðar. „Hann snerti marga með vinnu sinni og skrifaði nýjan kafla í sögu fótboltans. Hann barðist við veikindin af sama krafti og hann barðist fyrir leikmenn sína og markmiði Mino um að gera fótboltann að betri stað fyrir leikmenn verður haldið áfram af sama krafti,“ sagði meðal annars í yfirlýsingu fjölskyldunnar.

Frændi Raiola, Vincenzo Raiola, kallaður Enzo, hefur tekið við keflinu ásamt brasilíska lögmanningnum Rafaela Pimenta sem vann náð með þeim frændum. Fram undan



Zlatan Ibrahimovic og Mino Raiola á HM í Rússlandi árið 2018. Þeir félagarnir áttu í merkilegu sambandi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Mino Raiola velti sér ekki upp úr útlitinu. Hér með skjólstaðingi sínum Mario Balotelli á götum Milanó.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

er risastórt sumar þar sem Erling Braut Haaland mun væntanlega fara frá Dortmund, Paul Pogba frá Manchester United og Ryan Gravenberch, einn efnilegasti miðjumaður heims, mun væntanlega fara til Bayern frá Ajax. Svona mætti áfram telja en Raiola hafði um 80 leikmenn á sínum snærum og virtist hafa tíma fyrir þá alla.

### Upphafið með Zlatan

Í ævisögu sinni segir Zlatan Ibrahimovic frá kynnum sínum af Raiola. Þeir hittust á sushi-stað og kom Raiola á fundinn í Nike-ból og gallabuxum. Áður en hann sagði nokkuð dró hann upp nokkur A4-blöð með tölfræði framherja. Zlatan hafði þá skorað fimm mörk í 25 leikjum.

„Hvernig á ég að geta selt þig ef þetta er tölfræðin?“ spurði Raiola. Hann benti svo á útlit Zlatan og setti út á gullírið, Porsche-bílinn sem hann átti og Gucci-jakkann sem hann var í. „Ef þú vilt vera bestur, einbeittu þér að fótboltanum. Allt hitt mun þá fylgja. Seldu úrin og byrjaðu að æfa eins og maður, því tölfræðin þín er hræðileg.“

Zlatan hugsaði sig um í stundarkorn en hringdi svo í Raiola og sagðist vilja vinna með honum. Seldi Porsche Turbo-bílinn sinn og fékk sér Fiat Stilo-smábíl, byrjaði að ganga um í æfingafatnaði og úrin urðu að snjallúrum til að fylgjast með æfingunum. Ætli flestir viti ekki hvernig sú saga endaði.

### Sir Alex hataði Raiola

Sagan um Sir Alex Ferguson og Paul Pogba er einnig þekkt úr fótboltaheiminum en Pogba var ungur drengur í Manchester og Raiola sagði að hann væri á allt of lágam launum. Ferguson varð orðlaus yfir kröfunum og Raiola fór með Pogba til Juventus. Þar blómstraði Frakkinn og snéri til baka til Manchester United fyrir um 105 milljónir evra. Sögur herma að 27 af þeim hafi endað í vasa Raiola. Ferguson skrifaði í sína ævisögu að hann hefði ekki treyst Raiola frá því hann gekk inn á skrifstofu hans. Einu sinni var Raiola spurður hvort það væri rétt að Ferguson hataði hann. „Það er frábært hrós. Ef maður á enga óvini hefur maður ekki sinnt vinnunni sinni nógu vel,“ sagði Raiola við GQ Italia. ■

**LENGJU**  
**DEILDIN**



ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

# **Gróttta - Vestri**

**LAUGARDAG KL. 14.00**

**Í BEINNI ÚTSENDINGU Á HRINGBRAUT**

Hringbraut er heimili Lengjudeildar karla í sumar.  
Leikurinn er í opinni dagskrá.



HRINGBRAUT

# Andvaka á Akureyri og hugsar heim til Mariupol



Hörður Snævar Jónsson  
hordur  
@frettabladid.is

Oleksii Bykov þurfti að flýja heimaland sitt, Úkraínu, þegar stríðið þar í landi hófst. Bykov er 24 ára gamall knattspyrnumaður og er samningsbundinn FK Mariupol sem er í samnefndri borg. Mariupol er sú borg sem hefur farið hvað verst út úr innrás Rússlands.

Bykov er nú búsettur á Akureyri eftir að hafa gengið í raðir KA. Hann segir erfitt að horfa á stöðuna í heimalandi sínu en íbúð hans er ónýt eftir sprengjuárás Rússa. „Lífið á Íslandi er gott, allir í kringum KA hafa séð afar vel um mig eftir að ég kom til landsins,” segir Bykov um hið nýja líf. Áður en innrás Rússlands hófst í Úkraínu voru íbúar Mariupol um 470 þúsund sem er talsvert meira en á öllu Íslandi. Þessi ungi maður er að venjast því að búa í litlu samfélagi. „Ísland er mjög lítið land, það virðist vera eins og allir þekki alla hérna. Það er aðeins öðruvísi en ég er vanur í Úkraínu,” segir Bykov og brosir.

## Ég er ekki hermaður

Þegar Bykov er beðinn um að hugsa til baka til 24. febrúar, dagsins sem Rússar réðust inn í Úkraínu, er bara eitt orð sem kemur upp í huga hans. „Þetta var helvíti,” segir Bykov. „Það skildi enginn hvað var að gerast, það var mjög erfitt að horfa á þetta gerast því þarna eru vinir mínir og fjölskylda.“

Bykov var í æfingaferð með FK Mariupol þegar stríðið hófst í Úkraínu. Hann og liðsfélagar hans voru mættir á flugvöllinn í Tyrklandi og á heimleið þegar Rússar hófu innrásina. „Við vorum að leggja af stað heim til Úkraínu eftir góða æfingaferð í Tyrklandi. Þegar við komum á flugvöllinn komumst við að því að það væri byrjað stríð.“

Margir karlmenn á aldur við Bykov gengu til liðs við herinn. „Ég er ekki hermaður. Ég taldi mig geta hjálpað fólki betur með því að spila fótbolta og hjálpa á annan hátt,” segir Bykov.



Það er því miður ekkert öruggt svæði í Úkraínu.



Ég veit ekki hvenær þeir sprengdu íbúðina mína.

## Rússar sprengdu upp íbúð hans

Fjölskylda og vinir Bykovs eru margir hverjir enn staddir í Úkraínu, þeir hafa komið sér fyrir á svæðum sem eiga að teljast örugg. „Mitt nánasta fólk hefur komið sér fyrir á „öruggum svæðum“ en það er því miður ekkert öruggt svæði í Úkraínu,” segir Bykov brúnabungur um ástandið í heimalandinu.

Þegar Bykov lenti á Íslandi komst hann að því að Rússar hefðu sprengt upp íbúð hans í Mariupol. „Ég brotnaði algjörlega niður, ég missti allt sem ég átti. Ég þakka bara guði fyrir að enginn af ættingjum mínum var í íbúðinni minni. Ég veit ekki hvenær þeir sprengdu íbúðina mína en ég komst að þessu degi eftir að ég kom til Íslands.“

## Getur ekki farið heim á næstunni

Bykov segir ómögulegt að snúa aftur heim til Mariupol á næstunni. „Þessa stundina er ekki hægt að snúa heim, ég get ekki farið aftur til Mariupol, borgin mín er gjöreyðilögð. Hér á Íslandi er ég umkringdur frábæru fólki sem hjálpar mér á þessum erfiðu tímum.“

Þrátt fyrir að Bykov búi nú á Akureyri og finni fyrir öryggi í sínu daglega lífi, er hugurinn oft á heimaslóðum og það getur tekið á. „Þegar staðan er svona í Úkraínu er mjög erfitt að hugsa bara um fótboltann, ég ligg oft andvaka til morguns því ég tala við vini mína í heimalandinu og sé fréttir um stöðuna þar. Þegar ég mæti til æfinga og í leiki með KA þá reyni ég að hugsa bara um fótboltann.“

KA hefur farið vel af stað í Bestu deildinni og frammistaða Bykovs hefur verið góð. „Við höfum unnið alla þrjá leikina og ég vil vinna alla leiki. Fótboltinn hér er allt öðruvísi en ég hef vanist í Úkraínu. Hér er mikið barist innan vallar, í raun hálfgerð slagsmál,” segir Bykov sem útilokar ekki að fleiri leikmenn frá Úkraínu komi til Íslands í náinni framtíð. ■



Bykov segir erfitt að hugsa heim þar sem ættingjar og vinir eru.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Bykov hefur komið sterkur inn í lið KA. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Mariupol lýst sem helvíti á jörðu í stríðinu

Rússar náðu hafnarborginni Mariupol á sitt vald fyrir nokkrum vikum, en Úkraínnumenn berjast ennþá í Azovstal-stálverinu sem er síðasta vígi borgarinnar. Mariupol er hafnarborg og hefur því hernaðarlegt gildi fyrir rússenska herinn. Með því að ná valdi á borginni opnast leiðir til suðurs og austurs frá Svartahafi. Rússar hafa næstum jafnað borgina við jörðu í sprengjuárásum sínum síðustu vikur og hafa Sameinuðu þjóðirnar verið að aðstoða við að koma óbreyttum borgurum út úr borginni.

Úkraínnumenn hafa sagt Rússa verið að vinna markvisst að því að loka flóttaleiðum og hafa íbúar sem hafa sloppið út úr borginni lýst Mariupol sem helvíti á jörðu um þessar mundir.

Úkraínskir hermenn berjast enn í Azovstal og nýta sér neðanjarðarbyrgi verksmiðjunnar. Vladímír Pútín hefur sagt síðustu úkraínsku hermönnum í borginni að leggja niður vopn og gefast upp, en hann stefnir að því að fagna fullnádarsigrí á borginni samhliða fagnaðarlátum Rússa í tengslum við seinni heimsstyrjöldina í Moskvu 9. maí.



Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

## FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Föstudaginn 13. maí verður Fréttablaðið með golfþema í Allt-hluta blaðsins.

# Golfið í sumar

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ásgeir Aron Ásgeirsson, markaðsfulltrúi  
Sími 550 5649 /asgeiraron@frettabladid.is

# Traustur lífeyrissjóður

## Tryggj framtíð



### STARFSEMI ÁRIÐ 2021


ÁRSREIKNINGUR (í millj.kr.)	2021	2020
Iðgjöld	5.215	5.130
Lífeyrir og endurhæfingarsjóður	-6.185	-5.627
Fjárfestingartekjur	35.737	25.083
Rekstrarkostnaður	-473	-429
Hækkun á hreinni eign á tímabilinu	34.294	24.158
Hrein eign frá fyrra ári	208.365	184.208
<b>Samtals</b>	<b>242.660</b>	<b>208.365</b>

#### HREIN EIGN

**242.659.610** kr.



#### SKIPTING EIGNASAFNS



EFNAHAGSREIKNINGUR (í millj.kr.)	31.12.2021	31.12.2020
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	134.129	103.791
Skuldabréf	102.533	99.291
Innlán og bankainnstæður	1.350	1.007
Kröfur	822	876
Aðrar eignir og rekstrarfjármunir	188	174
	239.022	205.139
Skuldir	-44	-41
Séreignarsjóður, Söfnunarleið I, II og III	3.681	3.268
<b>Samtals</b>	<b>242.660</b>	<b>208.365</b>

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR	31.12.2021	31.12.2020
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	17.443	13.280
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	8,0%	7,0%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	7.240	10.786
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	2,5%	4,2%

## SJÓÐURINN HEFUR ALDREI SKERT LÍFEYRISGREIÐSLUR SJÓÐFÉLAGA

SL lífeyrissjóður er opinn öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem eiga ekki kjarasambandsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

Sjóðurinn byggir á samtryggingu og séreign.

Hjá SL lífeyrissjóði vinna 16 manns  
 í stjórn sjóðsins eru: Tómas Brynjólfsson *stjórnarformaður*, Svana Helen Björnsdóttir *varaformaður*, Aðalbjörg Lúthersdóttir, Reynir Þorsteinsson, Einar Sveinbjörnsson, Þorvaldur Ingi Jónsson, Þórunn Hulda Sveinbjörnsdóttir  
 Framkvæmdastjóri er: Sigurbjörn Sigurbjörnsson



# 11,7%

RAUNÁVÖXTUN  
17,1% NAFNÁVÖXTUN

# 5,4%

RAUNÁVÖXTUN  
20 ÁRA MEÐALTAL

KENNITÖLUR	31.12.2021	31.12.2020
Nafnávöxtun	17,1%	13,5%
Hrein raunávöxtun	<b>11,7%</b>	9,7%
Hrein raunávöxtun 5 ára meðaltal	7,9%	5,5%
Hrein raunávöxtun 10 ára meðaltal	6,6%	5,8%
Hrein raunávöxtun 20 ára meðaltal	<b>5,4%</b>	4,8%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	5.923	6.376
Fjöldi sjóðfélaga	146.729	145.308
Fjöldi lífeyrisþega	17.990	17.131
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,2%	0,2%
Eignir í íslenskum krónum	57,3%	61,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	42,7%	38,9%

Tryggingafræðileg staða er 2,5%  
**Styrkar stoðir til framtíðar undir lífeyrisréttindi sjóðfélaga**


#### ÁVÖXTUN SÉREIGNARDEILDA 2021

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar I sem er innlánsreikningur ásamt stuttum traustum skuldabréfum var **5,4%** eða **0,5%** hrein raunávöxtun.

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar II sem inniheldur ýmis verðbréf nam **10,2%** eða **5,2%** hrein raunávöxtun.

Nafnávöxtun Söfnunarleiðar III sem hefur hæsta vægi erlendra eigna nam **13,8%** eða **8,6%** hrein raunávöxtun.

Heildareignir séreignardeildarinnar í árslok



**Ársfundur SL lífeyrissjóðs 2022**  
 verður haldinn 2. júní kl. 16:30

sl.is

Borgartún 29 · 105 Reykjavík · sími 510 7400





## Pingflokkur VG á ferð fyrir kosningar

### Laugardagur 7. maí

11:00-12:00

Náttúruleg orkuheðsla fyrir fjölskylduna með Orra Pál, René og Elínu Björk í Grafarvogi

13:30

Katrín Jakobsdóttir og frambjóðendur með vöfflukaffi í Mosfellsbæ

### Sunnudagur 8. maí

12.00-13.00

Húsnæðismálin með Katrínu og Líf í VG Portinu

14:00-15:00

Katrín Jakobsdóttir og frambjóðendur með vöfflukaffi í Kópavogi

15:00-17:00

Velferðarvöfflukaffi með Guðmundi Inga í VG Portinu

### Mánudagur 9. maí

11.30 – 13.00

Fjarðabyggð, súpufundur í Molanum, Reyðarfirði

16.00

Kaffi og vöfflur í Löngubúð, Djúpvaggi

20.00 – 21.30

Egilsstaðir, fundur í Tehúsinu

### Þriðjudagur 10. maí

11.30 – 13.00

Húsavík, súpufundur á Sölku.

14.00-15.00

Aðgengileg Reykjavík - Steinunn Þóra og Haraldur Þorleifsson

17.30 – 19.00

Opinn fundur á Hótel KEA Akureyri

19:00

Júróvísíonartí í VG Portinu

### Miðvikudagur 11. maí

11.30 – 13.00

Súpufundur í félagsheimilinu Ljósheimum, Skagafirði

17.00 – 19.00

Fjölskylduskemmtun í Varmalandi Borgarfirði - Leikir, fjör og grill

### Fimmtudagur 12. maí

12:00

Húsnæðismál og náttúruvernd í Betri Stofunni, Hafnarfirði með Katrínu Jakobsdóttur

20:00

Sveitarstjórnarmál og ný framtíð í Fagrabæ, Árborg með Katrínu Jakobsdóttur

20:00

Kál og Karaóki með Svandísi Svavarsdóttur í VG Portinu

# Göngum lengra – um allt land

Verið öll velkomin að hitta frambjóðendur, pingmenn og ráðherra VG á fundum um allt land. Saman ætlum við að byggja upp kröftug og lifandi sveitarfélög með áherslu á húsnæðisuppbyggingu, gjaldfrjálsa menntun og náttúruvernd.

## Kosningamiðstöðvar VG:

Reykjavík: VG Portið, Bankastræti 2

Akureyri: Brekkugata 7

Kópavogur: Bæjarlind 2

Mosfellsbær: VG Stofan, Kjarninn, Þverholt 2

Fjarðabyggð: Molinn, Hafnargata 2

Árborg: Fagribær, Bankavegur

Skagafjörður: Húsnæði Þreksport, Borgarflöt 1

Norðurþing: Fiskifjara (bilið hans Valda), Húsavík

X22.vg.is  
@vinstrigraen  
facebook.com/vinstrigraen



VINSTRIGRÆN

XV  
14. maí

Sigríður Lárusdóttir hefur undirgengist á annan tug aðgerða eftir fæðingu frumburðarins fyrir rúmum þrjátíu árum. Fyrir tæpu ári var endi bundinn á ítrekaðar aðgerðir með því að koma upp ristilstóma. Sigríður lætur fátt stöðva sig og stefnir á að verða fyrsti stómaþeginn til að synda yfir Ermarsundið.

Það var árið 1988 að Sigríður, þá 23 ára gömul, nýútskrifuð sem lífeindafræðingur og komin í starf hjá Blóðbankanum, átti von á sínu fyrsta barni. „Þetta ár var skattalaust, þar sem verið var að breyta skattheimtunni og ég var ákveðin í að vinna eins og ég gæti til að eiga fyrir góðu fæðingarorlofi.“

Þar sem Sigríður stóð vaktina í nýju vinnunni á tuttugustu og þriðju viku meðgöngu hófust fæðingarhríðir og þurfti hún að leggjast inn á Landspítalann. „Ég vann ekki meira þá meðgönguna og það var dælt í mig lyfjum til að stöðva fæðinguna því leghálsinn var farinn að opnast. Ég lá inni meira og minna alla meðgönguna en á þessum tíma var þáverandi maður minn í Danmörku við nám svo þetta var frekar leiðinlegur tími.“

Á þrítugustu og sjöundu viku meðgöngu fékk Sigríður grænt ljós á að halda til Danmerkur þar sem ráðgert var að barnið kæmi í heiminn. „Ég hef svo sem ekki læknisfræðilega þekkingu en get ímyndað mér að lyfin sem ég fékk vikum saman áður hafi haft áhrif, því þegar kom að fæðingunni gerðist ekkert. En þar sem þetta var í Danmörku hef ég ekki fengið að sjá skýrsluna.“

#### Brútal aðgerðir

Þrátt fyrir harðar hríðir gerðist útvíkkunin mjög hægt og lýsir Sigríður því sem þá tók við sem „brútal“ aðgerðum.

„Belgurinn var sprengdur svo allt fór á fullt og á endanum kom barnið í heiminn á þremur klukkustundum. Ég var sjálf óttaleg þisl á þessum tíma en barnið stórt og mat ljósmóðirin það svo að það þyrfti að klippa fyrir kollinum. Það eina sem ég hef í raun fengið að vita að hafi farið úrskedis er að ljósmóðirin klippti mig á röngum stað og á röngum tímamarki. Það varð til þess að ég rifnaði alla leið aftur og inn á við, fjórða stigs rof, endaparmsvöðvi skaðaðist auk bandvefjanna og litlu vöðvanna þar í kring sem halda öllu á sínum stað.“

Ég var svo látin bíða í um tvær klukkustundir með fæturna í uppi-stöðum með taubleiu í opinu sem var allt rífið og blæðandi. Ég missti tvo lítra af blóði í þessum hamagangi og fékk blóðgjöf í kjölfarið. Enginn virtist þora að taka á málinu og var því kallað á lækni utan úr bæ til að sauma mig. Ég skildi dönsku illa og áttaði mig því ekki nægilega vel á því hvað væri að gerast.“

#### Fyrsta aðgerð af mörgum

Sigríður lá inni í fimm daga og lýsir bæði vanlíðan og undarlegum vinnubrögðum á þeim tíma. „Ég kom ekki frá mér hægðum áður en ég fór heim og það var án gríns sett upp slanga, sem líktist helst venjulegri garðslöngu, til að reyna að skola út, án árangurs. Ég var samt send heim án þess að geta setið eða haft hægðir.“

Eiginmaður Sigríðar kom henni til heimilislæknis sem sá strax að saumarnir voru að gliðna og allt bólgið og sendi hana upp á spítala til skoðunar. „Þar kom í ljós blóðsöfnun, eða hematom, á stærð við greipávöxt, sem lokaði algjörlega fyrir allt fráflæði hægða. Því var ég lögð strax inn með barnið og fór í aðgerð þar sem svæðið sem hafði rifnað var opnað aftur og blóðið hreinsað út.“

Þetta var aðgerð númer eitt en síðan hafa aðgerðirnar og inngripin verið vel á annan tug. Tilraunir til



Sigríður er mikil útivistarmanneskja og stefnir hún á boðsund yfir Ermarsund í byrjun júní. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Það er ekki öll fötlun sýnileg



Björk  
Eiðsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

að leiðrétta þann skaða sem varð í fæðingunni og olli bæði þvag- og saurleka og gríðarlegri skerðingu á lífsgæðum.

#### Skömm og feluleikur

Sigríður var eins og fyrr segir 23 ára að eignast sitt fyrsta barn og skaðinn sem varð í fæðingunni hafði mikil áhrif á líf hennar í framhaldi. „Þessu fylgdi mikil skömm og feluleikur, því ekki var talað um þessi mál fyrir 33 árum. Hægðaleki, þvagleki, erfíðleikar við að stunda kynlíf líkamlega og andlega, þetta voru tabú. Það hjálpaði ekki að vera þarna langt frá sínum nánustu og líklega lærði ég þarna að best væri að harka bara af sér.“

Ég fór í aðgerð númer tvö sumarið eftir þegar ég flutti heim til Íslands en þá var sonur minn tíu mánaða. Vefir höfðu rifnað illa, legið var sigið og allt var í raun á röngum stað. Upp frá því hef ég farið í margar blóðrugsigsaðgerðir, margar ristilsigsaðgerðir, aðgerðir í kringum endaparm og grindarbotn.“

Sigríður segir ástandið lagast eftir aðgerðir en þar sem vefir séu skemmdir endist batinn aldrei nema skamman tíma. „Það er munur á hörku og seiglu. Ég hélt ég væri búin að sýna svo mikla seiglu en í raun hef ég verið að fara þetta á hörkunni.“

#### Vandi í vinnu og útivist

Sigríður starfaði lengi á hjartarannsóknardeild Landspítala. „Þetta gat verið hrikalegt vandamál ef ég vann við aðgerðir enda ekki hægt að stökkva til. Þetta var alltaf á bak við eyrað, spurningin hvort ég myndi ná að hlaupa frá – líka í útivistinni,“ segir Sigríður sem hefur alltaf verið mikil útivistarmanneskja og ekki látið þennan vanda stöðva sig þar frekar en annars staðar.

„Hægðir voru alltaf númer eitt í lífi mínu,“ segir Sigríður og hlær. „Í göngum og á ferðalögum vildi ég alltaf vera ein í bíl en gat ekki sagt við fólk að ég vildi vera ein því ég væri með svo mikil kúkavesen. Hver myndi nenna að hlusta á það



Hún er sérfræðingur í áhættumeðgöngum en þrætti við okkur um þetta og svaraði með þjósti þegar við sögðum að það þyrfti að taka tvo: „Haldið þið að ég viti ekki hvað ég er að gera?“

væl eða reyna yfirhöfuð að skilja það? Í dag get ég sagt fólk að ég sé með stóma og þurfi því að sinna því og fólk sýnir því skilning,“ segir hún og hristir höfuðið yfir eigin forðómum.

#### Leghalsinn rifinn upp

Sigríður á þrjá syni og segir fæðingu númer tvö hafa gengið eins og í sögu. „En í þriðju fæðingunni voru gerð stór mistök. Ég hafði farið í tvo keiluskurði áður en að þessari meðgöngu kom og því var ekkert eftir af leghálsinum. Kvensjúkdómalæknirinn minn setti því upp tvo sauma á fjórtánda viku meðgöngu til að halda betur við. Hún bað okkur manninn minn að muna með sér þegar hún tæki saumana að þeir væru tveir – en vanalega væri aðeins settur einn. Ég fór svo í saumatöku á þrítugustu og fimmtu viku og þá segir hún að aðeins sé um einn saum að ræða. Hún er sérfræðingur í áhættumeðgöngum en þrætti við okkur um þetta og svaraði með þjósti þegar við sögðum að það þyrfti að taka tvo: „Haldið þið að ég viti ekki hvað ég er að gera?“

Sigríður segir ekki hafa gengið að malda í móinn og því hafi aðeins einn saumur verið tekinn. Þegar svo kom að fæðingunni gekk illa og útvíkkunin kom ekki. „Ég reyndi að segja ljósmóðurinni að það væri saumur fyrir og var þá talin móðursjúk. Á endanum þurfti að rífa upp leghalsinn með afli,“ segir Sigríður og minnst þess sérstaklega að ljósmóðirin hafi orðið eldrauð í framan við átökin.

Nokkrum vikum eftir fæðinguna fór Sigríður til kvensjúkdómalæknis sem sagði hana með mikla sýkingu og dró út stóran saum. „Hann sagði við mig: „Þú varst að fæða barn með samansaumaðan legháls.““

#### Ekkert meira hægt að gera

Sigríður segist hafa hringt í lækningu sem hafi saumað hana en hún hafi svarað: „Ég má ekki vera að því að tala við þig.“ Síðar hafi hún svo hringt til baka en komið með slakar afsakanir og útskýringar. „Þetta var hálfgerð „ordasalat“ en ég gerði ekkert meira í þessu enda nóg að gera með að hugsa um stóra fjölskyldu. Þetta hjálpaði ekki til við ástandið á grindarbotninum og ég átti enn fleiri aðgerðir eftir.“

Kvensjúkdómalæknirinn minn sem bjargaði mér algjörlega, Gunnar Herbertsson, lét af störfum fyrir nokkru og ég leitaði þá til nýs læknis sem vísaði mér upp á Landspítala. Yndislegur læknir skoðaði mig þar og hún sagði: „Við getum ekki gert neitt meira fyrir þig – hefurðu ihugað að fá stóma?“ Sigríður lýsir tilfinningunni eins og að hafa verið slegin utan undir. „Þetta er ekki eitt-hvað sem ég hefði þælt í og ég upplifði ákveðna geðshræringu: Bæði ótta og eftirvæntingu.“



Nú er ég aftur á móti búin að vera í mikilli sjálfsvinnu, bæði hjá Kvennaathvarfinu og hjá sálfræðingum.



**RISA**

**Tax  
free**

\*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Taxfree\* af snyrtivörum,  
leikföngum, raftækjum, bókum,  
heimilisvörum, fatnaði og skóm  
5. – 11. maí

**HAGKAUP**



# Miklu meira en bara ódýrt



Loftpressur mikið úrval



Hjólafesting á bíl

frá 3.995



Viðgerðarkollur

9.995



Viðgerðarbretti

9.995



Jeppatjakkur 2.25T

19.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku

4.795



44.995

Vélagálgi 2T



Vélastandur 500kg

14.995



AirBrush loftdæla

19.995



1.995

Burstar í borvél



6T Búkkar 605mm Par

12.999



frá 1.495 Startkaplar



4.995 Hleðslutæki 12V 6A

Flugnet margar gerðir

frá 9.999



Háprýstidælur



7.995 1/2 Toppasett



14.995 1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995 Verkfærasett 108 stk



4.995 Skrall-lyklar 8-17



frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Jarðskrúfa 785



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle 6.985

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél



Bón og bílavörur í miklu úrvali



Fötur og balar í miklu úrvali



Verðmæta-skápar

frá 4.995



Lyklabox í miklu úrvali

Bensínbrúsar 5/10/20L Plast/Stál



Barnaverkfærasett

2.985



Límbyssur

frá 995



Verkfærasett 4.995

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is



Pennslasett 10 stk.

999



Fjölsög Höfttech

5.999



Stigar og tröppur í úrvali



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



Súluborvél 350W



9.999 Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13 mm



19.995 Metabo KS216 bútsög



SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is  
Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

LAUGARDAGUR 7. maí 2022



Lengdu líftíma blómvandans með þessum ráðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Blómlegra líf

jme@frettabladid.is

Fátt gleður auga og nefjafnmikið og falleg blóm í vasa. Hvort sem þau eru úr blómabúðinni, matvörubúðinni eða tínd úti í haga. En hvað má gera til þess að lengja líftíma þessara afklipptu og litríku dásæmda? Þar á blómabúðastarfsfólk nokkur góð ráð.

Blóm elska ferskt vatn. Því er æskilegt að skipta um vatn. Margir blómvendur koma með litlum næringarpakka sem er það besta sem hægt er að setja út í vatnið fyrir blómin. En í þeim tilfellum sem pakinn kemur ekki með er hægt að búa til eigin blómanæringu. Uppskriftin er:

1 tsk. sykur

1 tsk. klór

2 tsk. sítrónu- eða límónusafi

950 ml volgt vatn

### Nokkur góð ráð

Fleira má gera til að halda blómunum í vasanum ferskum.

Skerðu um 1 og ½ cm neðan af stilknum á ská til að opna fyrir vatnsæðarnar.

Gakktu úr skugga um að vasinn sé hreinn. Í blómavösum má oft finna örverur sem geta haft slæm áhrif á nýju fínu blómin þín.

Ekki hafa ávaxtaskálina rétt hjá blómvendinum. Sumir ávextir gefa frá sér ethylene sem hraðar rotnun plantna og ávaxta í kring.

Staðsettu blómin á svölum stað þar sem þau fá nóg af sólarljósi.

Ekki hafa blóm nálægt raftækjum eins og sjónvarpi eða tölvu. ■

POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS**ALOE VERA**  
MELTING & BÓLGUR[www.celsus.is](http://www.celsus.is)

Jónína Birna Björnsdóttir er vörumerkjastjóri hjá ÓJK-ÍSAM. Hér er hún í vinsælu og undurþægilegu Body Downtime Lounge-buxunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kósífötin sem fólk fæst ekki úr

Kósífötin frá Boody eru enginn venjulegur fatnaður. Þau eru framleidd úr lífrænni bambusbómull við bestu aðstæður; þau eru líka fádæma náttúruvæn og skaffa jörðinni enn meira súrefni. Fötin eru jafnframt dásamlega létt og mjúk. Þau anda vel og rafmagnast ekki. **2**



Boody Lounge er flott og klæðileg heimakósílinna sem slegið hefur í gegn.

„Þeir sem einu sinni hafa prófað Boody geta ekki hætt og vilja meira,“ segir Jónína Birna Björnsdóttir, vörumerkjastjóri hjá OJK-ISAM um Boody-fatnina sem unnin er úr lífrænt ræktaðri bambusbómull og hefur slegið í gegn.

„Það er einstaklega skemmtilegt að vera vörumerkjastjóri fyrir Boody vörumerkið, vörur sem allir elska sem prufa og er líka umhverfisvæn valkostur. Við byrjuðum að selja grunnlínu Boody árið 2018, nærföt, boli, toppa, sokka fyrir öll kyn og leggings fyrir konur, sem hlutu strax frábærar viðtökur. Tveimur árum síðar, eða um sama leyti og fólk þurfti að verja meiri tíma heima vegna samkomubanns kom Boody Lounge-línan á markað, sem var frábær tíma-setning og naut hún strax mikilla vinsælda,“ upplýsir Jónína um Boody Lounge-heimakósílinuna sem unnin er úr bambusbómull sem hefur fjölmarga kosti fram yfir hefðbundna bómull.

„Boody Lounge, eða heimafatnaður Boody, eru frábærar vörur sem hægt að klæða upp og niður, hvort sem þarf að skjótast út í búð, nota í jógatímann eða ræktina, eða einfaldlega til að sofa í eða hafa það notalegt heima. Boody Lounge fatnaðurinn er líka frábær í ferðalög og flug,“ greinir Jónína frá.

#### Lífrænn og vistvænn fatnaður

Boody vörumerkið kemur frá Ástralíu. Það voru tveir vinir í Sidney sem stofnuðu Boody árið 2011 með það að leiðarljósi að sameina tisku og sjálfbærni.

„Markmið Boody er að bjóða upp á úrval af þægilegum hversdagsvörum með því að nota náttúruleg efni sem hafa sem minnst áhrif á náttúruna. Allur Boody fatnaður er unninn úr lífrænt ræktaðum bambus við bestu aðstæður og öll framleiðslan fylgir ströngustu kröfum, bæði fyrir náttúruna og starfsmenn í framleiðsluferlinu,“ útskýrir Jónína og heldur áfram:

„Hefðbundin bómullarræktun hefur þurrkað upp heilu stöðuvötnin, enda þarf mikið vatn,

**Heimafatnað Boody er hægt að klæða upp og niður, hvort sem þarf að skjótast út í búð, fara í ræktina, sofa í eða hafa það kósí heima. Fatnaðurinn er líka frábær í ferðalög og flug.**

tilbúinn áburð og skordýraeitur til að rækta bómull. Bambus er hins vegar ótrúleg planta sem á einum sólarhring getur vaxið um heilan meter. Hann þarf margfalt minna vatn en hefðbundin bómull og er reyndar eingöngu ræktaður með rigningrvatni. Auk þess er allt vatn í framleiðsluferlinu endurnýtt,“ upplýsir Jónína.

„Bambus þarf heldur engan tilbúinn áburð eða skordýraeitur, og framleiðir auk þess 30 prósent meira súrefni en sambærileg svæði sem eru gróðursett með trjám. Þá gleypir bambus enn meiri koltvísýring (CO2) og gróðurhúsalofttegundir,“ segir Jónína um þá mögnuðu plöntu sem bambus er.

#### Góð kaup um helgina í Hagkaup

Dagana 5. til 11. maí eru Tax Free-dagar á Boody vörum í Hagkaup. „Því er hægt að kaupa Boody Lounge vörurnar á enn betra verði og ég veit að margir fagna því, enda eru þetta dásamleg kósíföt sem fólk hreinlega fæst ekki úr. Boody Downtime Lounge buxurnar hafa sérstaklega slegið í gegn enda passa þær alltaf og alls staðar og eru einstaklega þægilegar,“ segir Jónína kát.

Boody Lounge vörurnar fást í Hagkaup og á Heimkaup.is. Grunnlínan fæst í öllum helstu apótekum, Fjarðarkaupum, Nettó, Vistveru, Mini market og víðar. Hægt er að skoða vörurnar á boody.is og fylgja Boody Iceland á Facebook og Instagram þar sem oft eru vinsælir gjafaleikir. ■



Því fylgir góð tilfinning og vellíðan að klæðast flikum frá Boody. Efni og hönnun er dásamlegt um leið og hlúð er að náttúrunni í framleiðsluferlinu.

MYNDIR/AÐSENDAR

#### Af hverju að velja Boody fatnað?

- Hrinndir frá sér lykt – bambus hefur náttúrulega bakteríu- og sveppadrepani eiginleika sem gera fatnaðinn lyktarfráhrindandi, líka eftir endurtekinn þvott.
- Ekki ofnæmisvaldandi – Boody vörur henta sérstaklega vel fyrir fólk með viðkvæma húð, exem eða sóríasís.
- Góð öndun – bambustrefjar samstanda af smásæjum holum sem veita loftræstingu þannig að rakinn dregst frá líkamanum svo húðin getur andað og fólk svitnar síður í fötonum.

- Dásamleg mykt – bambus býr yfir léttleika og óviðjafnanlegri mykt. Þess vegna er svo gott að klæðast fatnaði úr bambus.
- Hitastillandi – bambusþræðir eru hlýir á veturna og kælandi á sumrin. Þú svitnar síður í Boody fötum sem eru því líka frábær í hverskyns líkamsrækt og útivist.
- Loða ekki við – Boody-fötin verða ekki rafmögnuð og festast því ekki við mann.



Jónína segir einstaklega skemmtilegt að vera vörumerkjastjóri fyrir Boody vörumerkið. Það sé umhverfisvæn valkostur og vörur sem allir elska sem prófa.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



Boody Downtime Lounge buxurnar eru fádæma vinsælar enda mjög klæðilegar og passa við öll tilefni.



LANCÔME  
PARIS

MEÐ HÖRFRÆJAFYKKNI  
SEM INNIHALDA PEPTÍÐ

**VIKA 1**


HÚÐIN ER ÞÉTTARI  
OG FYLLTARI\*\*

**VIKA 4**

DÖKKIR BLETTIR  
MINNA SJÁANLEGIR\*

**EFTIR 1 KRUKKU**

DREGUR SJÁANLEGA ÚR  
SÝNILEIKA LÍNA OG HRUKKA



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI.  
KLÍNÍSKAR PRÓFANIR. ÞREFÖLD VIRKNI.

**RÉNERGIE LIFT MULTI-ACTION ULTRA**

LYFTIR • ÞÉTTIR • VINNUR Á DÖKKUM BLETTUM  
86% SÝNILEGA HEILBRIGÐARI HÚÐ\*\*

\*KLÍNÍSKT MAT SÉRFRÆÐINGS, 40 KONUR. STYRKLEIKASTIG DÖKKRA BLETTA MÆLT. \*\*SJÁLFSMAT 65 KVENNA.

# RÉNERGIE HEFUR SVÖR FYRIR ALLAR KONUR

## RÉNERGIE MULTI-LIFT ULTRA ANTI-WRINKLE - FIRMING - TONE EVENNESS CREAM



Nútímalegt, létt krem með hörfræjafykkni sem bráðnar inn í húðina og vinnur gegn öldrun hennar. Húðin verður þéttari, fylltari, útlínur andlitsins skýrari og minna ber á dökkum blettum, línunum og hrukkum. Einnig fáanlegt með SPF 20 og mýkjandi augnkrem sem vinnur á þremur helstu öldrunareinkennum; hrukkum, dökkum baugum og augnpokum.

## RÉNERGIE MULTI-LIFT ANTI WRINKLE - FIRMING - CONTOURING



Silkikennt kremið blandast óaðfinnanlega við húðina, gefur henni mýkt og vinnur gegn öldrun hennar. Með einstakri formúlu og Up-Cohesion™ tækni verður húðin mýkri, þéttari og fylltari. Útlínur andlitsins verða skýrari og minna ber á hrukkum og línunum. Í línunni eru einnig krem fyrir þurra húð, næturkrem, þéttandi, nærandi og lyftandi kremmaski og augnkrem. Dagkrem eru með SPF 15.

## RÉNERGIE MULTI-LIFT ULTRA DOUBLE-WRAPPING CREAM MASK



Nýr, nútímalegur og tæknilegur „grímu“ maski með 20 grömmum af Rénergie Multi-Lift Ultra kremi og jafn miklu hörfræjafykkni og í einni krukku af kreminu. Húðin verður þéttari og fylltari, húðliturinn jafnari, útlínur andlitsins skýrari og minna ber á línunum og hrukkum. Maskinn er tvískiptur, fyrir efri og neðri part andlitsins. Notist einu sinni í viku í 20 mínútur.

## RÉNERGIE MULTI-GLOW RADIANCE - PLUMPNESS - LIFTING



Krem sérhannað fyrir GULLNU ÁRIN. Með hækkanði aldri missir húðin þéttleika og ljóma. Kremið bráðnar inn í húðina, gefur raka og næringu. Inniheldur m.a. berjafykkni og hörfræjafykkni sem endurvekja fallegan húðlit og ljóma, vinna gegn hrukkum, þétta og lyfta. Multi-Glow næturkremið styrkir varnarkerfi húðar og augnkremið mýkir, dregur úr þreytumerkjum, línunum og hrukkum og frískar upp á húðina.



# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára



## GG VERK

Vegna aukinna umsvifa og traustrar verkefnastöðu óskar GG verk eftir að ráða metnaðarfulla og drifandi einstaklinga í spennandi störf. Leitað er að **áreiðanlegum** einstaklingum sem setja **fólk í fyrsta sæti** og sýna auk þess **fyrirhyggju** og **ábyrgð** í verki.

GG verk er traust og framsækið byggingafyrirtæki sem byggir á áratuga reynslu og sterkum grunni. Hlutverk og leiðarljós GG verks er að byggja vönduð mannvirki innan tilskilins tíma, af framúrskarandi metnaði og umhyggju fyrir fólki og umhverfi. Verkefnin eru fjölbreytt, bæði eigin verk, sem og verk unnin í verktöku bæði fyrir hið opinbera og aðra þróunaraðila. GG verk leggur mikið upp úr því að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Nánari upplýsingar má finna á [www.ggverk.is](http://www.ggverk.is).

## Framkvæmdastjóri byggingasviðs

GG verk óskar eftir að ráða öflugan stjórnanda með mikla getu til að leiða, samræma og hafa yfirsýn yfir umfangsmikil framkvæmdaverkefni fyrirtækisins. Um er að ræða lykilstarf innan fyrirtækisins og er leitað að einstaklingi með mikla leiðtogafærni og farsæla reynslu af stærri byggingaframkvæmdum.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. verk-, tækni- eða byggingafræði.
- Iðnmenntun til viðbótar við háskólanám er kostur
- Víðtæk reynsla af stjórnun og umfangsmiklum byggingaframkvæmdum
- Mjög góð færni í rekstri og fjármálum verkefna, þ.m.t. áætlanagerð og eftirfylgni
- Þekking á hönnunar- og verkþáttarýni. Áhugi og reynsla af BIM er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, yfirsýn og geta til að halda mörgum boltum á lofti
- Leiðtogahæfileikar, drifkraftur og umbótasinnuð hugsun
- Mjög góð tölvufærni
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti

## Mannauðsstjóri

GG verk óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling í nýtt starf mannauðsstjóra. Hugmyndaauðgi, umbótasinnuð hugsun og kraftur til að hrinda hlutum í framkvæmd eru eiginleikar sem viðkomandi þarf að búa yfir.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla af launavinnslu og jafnlaunavottun
- Skilningur á öryggismálum, rík þjónustulund og virk hlustun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Faglegt frumkvæði, drifkraftur og umbótasinnuð hugsun
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti. Kunnátta í pólsku er kostur
- Mjög góð tölvufærni

Umsóknarfrestur er til og með **23. maí 2022** en umsækjendur eru hvattir til að sækja um starfið sem fyrst. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Umsækjanda gefst að auki kostur á að gera betur grein fyrir hæfni sinni, þekkingu og reynslu í kynningarbréfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni. Metnaðarfullir einstaklingar, af öllum kynjum, eru hvattir til að sækja um störf.

## Öryggis- og gæðastjóri framkvæmda

GG verk leitar að öflugum leiðtoga í starf öryggis- og gæðastjóra framkvæmda. Leitað er að aðila sem hefur ríka samskiptahæfni og brennandi áhuga á að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi GG verks þar sem öryggi fólks er í fyrsta sæti.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af byggingaframkvæmdum
- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. tækni- eða byggingafræði og/eða húsasmíði
- Áhugi og þekking á öryggis- og gæðastjórnun byggingaframkvæmda
- Þekking á öryggis- og gæðastöðlum og reglugerðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfileikar, drifkraftur og umbótasinnuð hugsun
- Skipulagshæfileikar, yfirsýn og geta til að halda mörgum boltum á lofti
- Mjög góð tölvufærni
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti

## Gjaldkeri/launafulltrúi

GG verk óskar eftir að ráða einstakling í starf gjaldkera/launafulltrúa. Viðkomandi ber ábyrgð á greiðslu reikninga og innheimtu ásamt því að sjá um vinnslu og frágang launa. Um 50-70% starf er að ræða.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af gjaldkerastarfi og launavinnslu
- Gott talnalæsi
- Góð þekking á Excel
- Nákvæmni og skipuleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Mjög góð tölvufærni



Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Helga Birna Jónsdóttir ([helga@intellecta.is](mailto:helga@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

# Deildarstjóri afgangsludeildar



Menntasjóður námsmanna óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga með yfirgripsmikla þekkingu og brennandi áhuga á skjalamállum og rafrænni þjónustu. Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

## Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á starfsemi deildarinnar
- Ábyrgð á daglegri umsýslu og mótun verklagsreglna um móttöku og meðferð erinda
- Umsjón með skjalavörslu sjóðsins og skilum gagna til þjóðskjalasafns
- Ráðgjöf og fræðsla til starfsmanna vegna rafrænnar stjórnsýslu og skjalavörslu
- Ábyrgð á innri- og ytri vef MSNM
- Umsjón með útsendingum og skönnun á uppgreiddum skuldabréfum
- Ábyrgð á símsvörun og afgangslu

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. á sviði bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærilegt
- Reynsla af skjalastjórnun er skilyrði og reynsla af notkun rafrænna skjalavistunarkerfa er kostur
- Reynsla af stjórnun og eftirfylgni verkefna er kostur
- Mjög góð tölvufærni
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Menntasjóður námsmanna (MSNM) er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja.

Hjá Menntasjóði námsmanna starfa um 40 starfsmenn.

Gildi sjóðsins eru: **fagmennska, samstarf og framsækni.**

Nánari upplýsingar má finna á: [www.menntasjodur.is](http://www.menntasjodur.is).

Umsóknarfrestur er til og með **23. maí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf (hvort tveggja á íslensku), þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra við Fræðagarð stéttarfélag. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Hafdís Ósk Pétursdóttir ([hafdis@intellecta.is](mailto:hafdis@intellecta.is)) í síma 511 1225.



# Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála



Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf deildarstjóra stjórnsýslu og fjármála. Deildarstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra og er staðgengill hans. Um er að ræða áhugavert atvinnutækifæri í vaxandi sveitarfélagi fyrir einstakling sem býr yfir leiðtogahæfileikum, frumkvæði og góðum samskiptahæfileikum. Um 100% starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og daglegur rekstur og mannauðsmál stjórnsýslu- og fjármáladeildar
- Umsjón með fjármálum sveitarfélagsins og stofnana þess og eftirlit með fjárreiðum
- Undirbúningur funda bæjarstjórnar og bæjarráðs í samvinnu við bæjarstjóra og ritun fundargerða
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf til stjórnenda og kjörinna fulltrúa varðandi stjórnsýsluhætti, rekstur og mannauðsmál
- Undirbúningur og gerð fjárhagsáætlunar, auk eftirlits og eftirfylgni með framkvæmd
- Umsjón með launagreiðslum sveitarfélagsins
- Þátttaka í stefnumótun og framkvæmd stefnu í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrir

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af rekstri, fjárstýringu, áætlunargerð og stjórnun
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu, helst af vettvangi sveitarfélaga
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Almenn þekking á mannauðsmálum
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Mjög góð tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga. Í sveitarfélaginu, sem telur rúmlega 2.000 íbúa, eru tveir þéttbýliskjarnar, bæirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður.

Bæirnir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi og vinnslu fiskafurða. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaiðnaði og ýmis konar fjarvinnslu fyrir fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Fjallabyggð er fjölskylduvænt sveitarfélag og eru þar tveir leikskólar, grunnskóli, framhaldsskóli og tónskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar.

Mikil náttúrufegurð er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir liggja um sveitarfélagið. Í Fjallabyggð eru landspekt söfn og menningarlífið blómstrar.

Nánari upplýsingar má finna á: [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is).

Umsóknarfrestur er til og með **23. maí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Launakjör eru skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) í síma 511 1225 og Elías Pétursson, bæjarstjóri ([elias@fjallabyggd.is](mailto:elias@fjallabyggd.is)) í síma 464 9100.





Kennarasamband Íslands var stofnað 1. janúar árið 2000. Félagsmenn eru ríflega 10.500 og starfa í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum.

Kennarasamband Íslands starfar á landsvísu og innan þess eru átta aðildarfélag. Hlutverk KÍ er að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna, fara með samningsrétt um kaup og kjör, efla fag- og stéttavitund, efla skólastarf, kennaramenntun og starfsþróun félagsmanna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Garðar Óli Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

## Fulltrúi á upplýsinga- og kynningarsviði

Kennarasamband Íslands (KÍ) óskar eftir að ráða fulltrúa á upplýsinga- og kynningarsvið. Starfið er tímabundið til eins árs með möguleika á fastráðningu að þeim tíma loknum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið:

- Greinaskrif, framsetning og uppfærsla efnis í ritum og á miðlum KÍ og aðildarféлага.
- Umsjón með útgáfu efnis.
- Skipulagning á viðburðum og fundum KÍ.
- Þátttaka í ímyndar- og stefnumótunarvinnu.
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af blaða- eða fréttamennsku er æskileg.
- Áhugi og þekking á skólamálum er kostur.
- Afburða íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Reynsla af textaskrifum.
- Þekking og reynsla af birtingu upplýsinga á samfélagsmiðlum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Reynsla af ljósmyndun og myndvinnslu er kostur.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 19. maí nk.

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

# ILVA

ILVA rekur tvær glæsilegar verslanir með húsgögn og smávöru. Verslunin á rætur sínar að rekja til Danmerkur þar sem fyrsta verslun ILVA var stofnuð árið 1974. ILVA rekur tvær verslanir í dag, önnur í Kaupþúni í Garðabæ og aðra á Akureyri.

Hjá ILVA starfar öflugur hópur einstaklinga með fjölbreytta menntun, starfsreynslu og áhugamál. Nánari upplýsingar er hægt að finna á [www.ilva.is](http://www.ilva.is).

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is).

## Verslunarstjóri

ILVA leitar að metnaðarfullum og árangursdrifnum verslunarstjóra til að stýra verslun ILVA í Kaupþúni. Verslunarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri verslunarinnar, mannauðsmálum ásamt því að tryggja framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum. Um er að ræða 100% starf.

### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar.
- Gerð sölu- og fjárhagsáætlana.
- Yfirsýn yfir lykiltölur úr rekstri.
- Ábyrgð á þjónustu og upplifun viðskiptavina.
- Ábyrgð á útliti og útstillingum í verslun.
- Innkaup og pantanir.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verslunarrekstri/verslunarstjórn.
- Rík þjónustulund, áhugi og reynsla af starfi í söludrifnu umhverfi.
- Stjórnunarreynsla og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki, sjálfstæð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri.
- Góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí nk.

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

BIOEFFECT

# Veist þú allt um veröldina á vefnum?

## Stjórnandi vefmála BIOEFFECT

Við leitum að öflugum stjórnanda með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af vefþróun. Stefna okkar er að fjárfesta enn frekar í þróun og uppbyggingu á vefumhverfi fyrirtækisins. Við viljum efla ásýnd og upplifun viðskiptavina okkar ásamt því að auka sölu og krosssölu. Vefir BIOEFFECT gegna lykilhlutverki í sölu- og markaðsstarfi okkar á heimsvísu. BIOEFFECT rekur eigin vefi en auk þess reka dreifiaðilar um allan heim útgáfur af vef og vefverslun. Umhverfið er því sérstaklega krefjandi.

BIOEFFECT fékk tilnefningu til þriggja vefverðlauna SVEF 2021.

Nánari upplýsingar veitir **Elísabet Austmann, framkvæmdastjóri markaðssviðs**, [elisabet.austmann@bioeffect.com](mailto:elisabet.austmann@bioeffect.com).

## Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking af þróun og rekstri vefja og vefverslana
- Reynsla af innleiðingu á vef
- Reynsla og þekking á Google Analytics er kostur
- Reynsla af netmarkaðssetningu og hönnun þjónustuferla er kostur
- Þekking á Shopify, Prismic, HTML, CSS og JavaScript er kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður og löngun til að ná árangri

Sækið um á [alfred.is](http://alfred.is) til og með 22. maí 2022.

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

BIOEFFECT | Víkurhvarfi 7 | Kópavogi | [bioeffect.com](http://bioeffect.com) | [bioeffect.co.uk](http://bioeffect.co.uk) | [bioeffect.is](http://bioeffect.is)

## SÉRFRÆÐINGUR Á FJÁRMÁLASVIÐI



Við leitum að metnaðarfullum og talnaglöggum sérfræðingi til starfa á fjármálasviði VIRK.

### Helstu verkefni

- Kostnaðareftirlit og skýrslugerð
- Aðstoð við uppgjör og uppsetningu ársreiknings
- Greining reglulegra uppgjöra
- Aðkoma að gerð fjárhagsáætlunar
- Eftirlit og utanumhald ýmissa gagna
- Vinna við gerð og þróun árangursmælikvarða
- Gæðamál og umbótastarf

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálum og notkun bókhaldskerfa
- Frumkvæði, fagmennska og skipulagshæfni
- Góð færni í Excel
- Mjög góð tölvukunnátta
- Nákvæmni, jákvæðni og heiðarleiki
- Þekking á og reynsla af verkefnastjórnun og gæðamálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu. VIRK hefur

í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á [virk.is](http://virk.is)

### Upplýsingar veitir

Geirlaug Jóhannsdóttir  
[geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)  
Umsóknarfrestur er til og með 18. maí 2022.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.





## Skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Fjölskyldusvið sveitarfélagsins Árborgar auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Við leitum að öflugum og farsælum leiðtoga til að stýra framsæknum skóla í ört stækandi sveitarfélagi. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Veita skólanum faglega forystu
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi skólastarfs í Árborg
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Samstarf við fjölskyldusvið og ýmsa aðila skólasamfélagsins.

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Þekking og árangursrík reynsla af rekstri og stjórnun er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

**Umsóknarfrestur er til 17. maí 2022.** Umsóknum skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá, auk kynningarbréfs þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Nánari upplýsingar veita Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, [thorsteinnhj@arborg.is](mailto:thorsteinnhj@arborg.is) eða í síma **480-1900** og Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir hjá Hagvangi, [yrsa@hagvangur.is](mailto:yrsa@hagvangur.is).



Í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri eru um 150 nemendur í 1.-10. bekk. Kjörorð skólans er Jákvæðni – Metnaður – Virðing – Heiðarleiki. Skólinn er heilsueflandi grunnskóli þar sem skapandi greinar fá mikið vægi og gott samstarf er við leikskólana. Einnig er lögð áhersla á góða samvinnu við heimilin og Erasmus+ verkefni, m.a. verkefnið Undur vatns í náttúru og vísindum. Nánari upplýsingar um skólann má finna á vef hans, [barnaskolinn.is](http://barnaskolinn.is)

Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans er lykill að árangri. Skólar og fjölskyldusvið sveitarfélagsins vinna að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, öflug tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins.



Sótt er um starfið á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)



## Spennandi tækifæri hjá Símanum



### Forritari - Sjónvarp Símans

Við leitum að einstaklingi til að taka þátt í þróun og tæknilegum rekstri á Sjónvarpi Símans. Viðkomandi mun bera ábyrgð á útliti, þróun smáforrita og annarra viðmóta fyrir sjónvarp í samstarfi við aðra sérfræðinga sjónvarpskerfa.

#### Helstu verkþættir

- Þróun og rekstur viðmóta fyrir sjónvarp
- Viðmótshönnun
- Utanumhald og umsýsla með þróunar- og prófunarumhverfi viðmóta

#### Reynsla og þekking

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærilegu er æskileg
- Að minnsta kosti 2ja ára reynsla í sambærilegu umhverfi er æskileg
- Þekking á: React Native, React, Redux, Typescript og Native kóðun fyrir iOS og Android

#### Persónulegir eiginleikar

- Jákvætt hugarfar, frumkvæði og drifkraftur
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna í teymi

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí næstkomandi.

Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum [siminn.is/storf](http://siminn.is/storf).

Fyrirspurnum skal beint á netfangið [mannaudur@siminn.is](mailto:mannaudur@siminn.is).

Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við alla til að sækja um; óháð kyni.



SMIÐUR ÓSKAST  
VERKTAKI ÓSKAST



### ERTU SMIÐUR?

Vegna aukinna verkefna óskar Mannverk eftir faglærðum smið til starfa. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af viðhaldsverkefnum.

### UPPSTEYPA - VERKTAKI

Mannverk óskar jafnframt eftir verktaka í lítið uppsteypuverkefni í Rvk í sumar.

Áhugasamir hafi samband við Björn Karlsson í síma 7711118 [bjorn@mannverk.is](mailto:bjorn@mannverk.is).



[intellecta.is](http://intellecta.is)

## RÁÐNINGAR



intellecta

## Skjalastjóri



SÝSLUMAÐURINN

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu leitar að skjalastjóra sem hefur áhuga á að leiða þróun skjalastjórnunar innan embættisins. Skjalastjóri ber faglega ábyrgð á skjalamállum embættisins og hefur það markmið að skjalastjórn sé rekin með skipulegum og skilvirkum hætti í samræmi við lög og reglur sem stofnunin starfar eftir.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð og umsjón með skjalasafni embættisins
- Ábyrgð og ritstjórn gæðahandbókar
- Rekstur og eftirlit gæða- og skjalastjórnunarkerfis
- Þróun skjalastefnu og mótun verklags við skjalastjórn, þ.m.t. rafræna skjalavörslu
- Ráðgjöf og fræðsla fyrir starfsfólk um skjalamál og eftirfylgni með skjalaskráningu
- Samstarf við önnur sýslumannsembætti um samræmingu skjalamála
- Frágangur og skil á gögnum til þjóðskjalasafns
- Stuðlar að stöðugum umbótum á ferlum sem varða skjalastjórnun og rafræna skjalavörslu

#### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf í upplýsingafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þekking á gæðamálum
- Gott vald á upplýsingatækni, þ.m.t. á rafrænni skjalavörslu
- Góð samskipta- og samvinnuhæfni og jákvætt viðmót
- Frumkvæði, drifkraftur, skipulagni og sjálfstæði í starfi
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2022. Sótt er um starfið á [Starfatorg.is](http://Starfatorg.is)

Umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteinum og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Vigdís Edda Jónsdóttir mannauðsstjóri ([vigdisj@syslumenn.is](mailto:vigdisj@syslumenn.is)).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisstefnu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, skv. lögum nr. 50/2014. Í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu búa um 64% landsmanna. Nánari upplýsingar um verkefni sýslumanna má finna á [island.is/syslumenn](http://island.is/syslumenn).





# Grænvangur

## Forstöðumaður Grænvangs

Laust er til umsóknar starf forstöðumanns **Grænvangs**, samstarfsvettvangs atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir. Um spennandi starf er að ræða sem snýr að stuðningi við loftslagsvegferð atvinnulífsins ásamt kynningu á framlagi Íslands og árangri í loftslagsmálum. Leitað er að drífandi og reynslumiklum leiðtoga með öfluga fagþekkingu og reynslu á sviði loftslagsmála og af markaðs- og kynningarmálum. Forstöðumaður er ráðinn af Íslandsstofu og stjórn Grænvangs og starfar innan Íslandsstofu.

Markmið Grænvangs er að bæta árangur Íslands í loftslagsmálum og miðla fjölbreyttu framlagi landsins á því sviði, stuðla að framgangi grænna lausna og efla samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs varðandi aðgerðir í loftslagsmálum í samræmi við markmið stjórnvalda, þ.m.t. kolefnishlutleysi árið 2040. Þá vinnur vettvangurinn, í samstarfi við Íslandsstofu, að kynningu á íslensku hugviti og framleiðslu sem byggja á íslenskri orkuþekkingu og grænum lausnum. Nánari upplýsingar má finna á [www.graenvangur.is](http://www.graenvangur.is).

### ■ Helstu verkefni og ábyrgð:

- Kynna fjölbreytt framlag Íslands til loftslagsmála
- Efla samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um aðgerðir í loftslagsmálum þ.m.t. um kolefnishlutleysi árið 2040
- Styðja við loftslagsvegferð atvinnulífsins og auka þátttöku fyrirtækja í grænu ferli, umbótaverkefnum og loftslagsvegferðinni
- Styðja við markaðs- og viðskiptaþróunarstarf fyrirtækja tengt loftslagsmálum
- Vekja athygli héraðs og erlendis á framlagi Íslands og íslenskra fyrirtækja og hvetja til frekari framþróunar

### ■ Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking og brennandi áhugi á loftslagsmálum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfni ásamt framúrskarandi samskipta- og samstarfshæfni
- Þekking á íslensku atvinnulífi og stjórnsýslu
- Drifkraftur, frumkvæði, jákvæðni og hugmyndaauðgi
- Umfangsmikil reynsla af markaðsmálum og kynningarmálum ásamt reynslu af notkun samfélagsmiðla í markaðsstarfi
- Þekking og reynsla af markaðssetningu á erlendum mörkuðum er æskileg
- Reynsla af verkefnisstjórnun
- Framúrskarandi ensku- og íslenskukunnátta skilyrði, önnur tungumálakunnátta er kostur
- Færni og reynsla í að koma fram

Grænvangur hefur verið starfræktur í tæp þrjú ár. Að baki vettvangnum standa fjölbreyttir aðilar úr íslenskri stjórnsýslu og atvinnulífi. Íslandsstofa er samstarfsvettvangur atvinnulífsins og stjórnvalda og hefur það hlutverk að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Íslandsstofa sinnir mörkun og markaðssetningu fyrir Ísland og íslenskar útflutningsgreinar, styður íslensk fyrirtæki í sókn á erlenda markaði og greiðir götu erlendra fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

Umsóknarfrestur er til og með **30. maí 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni, Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran ([thelma@intellecta.is](mailto:thelma@intellecta.is)) og Helga Birna Jónsdóttir ([helga@intellecta.is](mailto:helga@intellecta.is)) í síma 511 1225.

**intellecta**  
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



**intellecta**

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)



RÆKTUNARSAMBAND  
FLÓA OG SKEIÐA

## VERKEFNASTJÓRI VIÐ BORFRAMKVÆMDIR

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða óska eftir að ráða verkefnastjóra við borframkvæmdir. Verkefnastjóri hefur umsjón með áætlanagerð, undirbúningi og hönnun borverka ásamt því að annast verkefnastjórn við borframkvæmdir. Starfsstöð verkefnastjóra er á Selfossi.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Verkefnastjórn við borframkvæmdir
- Eftirlit með framvindu verkefna og framvinduskýrslur
- Undirbúningur og gerð framkvæmda- og kostnaðaráætlana
- Samskipti við hlutaðeigandi aðila innan sem utan fyrirtækisins
- Undirbúningur verksamninga, eftirlit með framkvæmd og uppgjör samninga
- Verkefnaöflun og tilboðsgerð

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í verk- eða tæknifræði
- Starfsreynsla við verkefnastjórnun æskileg
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri
- Geta til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins

Upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Á. Böðvarsson, framkvæmdastjóri í síma 897 7767 eða í guðmundurb@raekto.is.  
Umsóknarfrestur er til 22. maí næstkomandi. Sækja skal um starfið á [www.raekto.is](http://www.raekto.is)

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða | Víkurheiði 6 | 801 Selfossi | Sími 480 8500 | [raekto.is](http://raekto.is)



## Sölumaður notaðra bíla

**Bílalíf leitar að sölumanni til framtíðarstarfa.**

### Starfslýsing:

- Starfið felur í sér ráðgjöf og sölu notaðra bíla

### Hæfniskröfur:

- Miklir söluhæfileikar og fagleg framkoma
- Áhugi og þekking á bílum og tækninýjungum
- Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund
- Reynsla af sölumennsku er kostur
- Góð tölvukunnátta og tölvulæsi
- Gott vald á íslensku og ensku tungu
- Heiðarleiki, frumkvæði og vönduð vinnubrögð
- Gilt ökuskírteini, stundvísi og hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar  
um starfið veitir  
Jóhannes Hrannar  
í síma 840 6036



Bílalíf bílasala • Kletthálsi 2 • Sími 562 1717 • [bilalif@bilalif.is](mailto:bilalif@bilalif.is) • [www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)



## Svæðisstjóri á Suðurlandi

EFLA leitar að öflugum stjórnanda til að leiða starfsemi EFLU á Suðurlandi. Höfuðstöðvar EFLU á Suðurlandi eru á Selfossi, en einnig er starfsstöð á Hellu.

### STARFSSVIÐ SVÆDISSTJÓRA:

- Leiðir svæðisteymi EFLU á Suðurlandi, sem ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri
- Ábyrgð á markaðsmálum, mannauðsmálum, rekstri og þróun
- Leiðir stefnumótun og framþróun á svæðinu og er þátttakandi í stefnumótun og þróun EFLU í heild
- Tryggir samræmingu og samstarf svæðisins við EFLU í heild
- Sinnir sérfræðiþjónustu við viðskiptavinum í samræmi við menntun og reynslu

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Leiðtogaþæfileikar og mikil færni í mannlegum samskiptum
- Menntun sem nýtist í starfi, framhaldsnám á háskólastigi t.d. í verkfræði eða öðrum tæknigreinum er æskileg
- Reynsla og árangur í leiðandi hlutverkum, stjórnun og rekstri
- Stefnumótandi og árangursmiðuð hugsun
- Hæfileikar til að skapa sterka liðsheild

Ef þú leitar að afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðum starfsvettvangi í alþjóðlegu umhverfi og hressu samstarfsfólki þá gætum við átt samleið.

Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Þannig vinnum við að fjölbreyttum verkefnum í teyimum þvert á svið og svæði. EFLA er jafnlaunavottað fyrirtæki með skýra jafnréttisstefnu og leitast við að jafna kynjahlutfall innan hinna ýmsu starfa hjá okkur. Í stjórnendateymi EFLU eru karlar í meirihluta og hvetjum við því önnur kyn sérstaklega til að sækja um.

Umsókn og kynningarbréf, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum heimasíðu EFLU, [www.efla.is/laus-storf](http://www.efla.is/laus-storf), fyrir **22. maí 2022**. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir sviðsstjóri Mannauðs ([iss@efla.is](mailto:iss@efla.is)).

☎ 412 6000 🌐 [efla.is/laus-storf](http://efla.is/laus-storf)

Stofnun Árna Magnússonar  
í íslenskum fræðum

## Íslenskukennari við Sorbonneháskóla í París

Staða íslenskukennara við Sorbonneháskólann í París er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. september 2022. Ráðning er tímabundin til tveggja ára með möguleika á endurráðningu til jafnlangs tíma. Krafist er MA-prófs í íslensku eða tengdum greinum. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið kennararéttindanámi og/eða hafi reynslu af því að kenna íslensku sem annað eða erlent mál. Kunnátta í frönsku er nauðsynleg. Nær eingöngu er um íslenskukennslu að ræða á BA-stigi en umsækjendur þurfa einnig að geta kennt íslenskar bókmenntir og fjallað um íslenskt samfélag. Æskilegt er að umsækjendur hafi búið á Íslandi undanfarin ár.

Umsóknir sem greina frá námi og störfum umsækjenda, ásamt skýrslu um ritsmíðar og rannsóknir, skal senda í tölvupósti til Branislav Bédi, verkefnisstjóra á alþjóðasviði, ([branislav.bedi@arnastofnun.is](mailto:branislav.bedi@arnastofnun.is)) fyrir **15. júní 2022**.

Nánari upplýsingar veitir verkefnisstjóri í gegnum tölvupóst eða í síma 525 4421.

Reykjavík, 28. apríl 2022  
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum



Erum við  
að leita að þér?

# Spennandi sumarstörf hjá N1



Fjölbreytt verkefni



Góð vinnuaðstaða



Vaktavinna/dagvinna



Þjálfun og fræðsla



Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO



Glaðningur: Gjafabréf frá 66°Norður



## Miðstöð mannlífs og ferðalaga

Við bjóðum upp á spennandi sumarstörf á stöðvum okkar hringinn í kringum landið. Þetta eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds. Þú starfar með frábæru teymi, lærir margt nýtt og kynnist skemmtilegu fólki úr nærsvæitum og frá öllum heimshornum.

Við leitum að þjónustulipru og metnaðarfullu sumarstarfsfólki, 18 ára og eldri, til að sinna afgreiðslustörfum og öðrum verkefnum í dagvinnu eða vaktavinnu. Viltu ganga til liðs við okkur?

Kynntu þér störfin og sæktu um á [n1.is](http://n1.is) undir:  
„Um N1 – Starfsfólk – Laus störf“

440 1000 [n1.is](http://n1.is)



ALLA LEIÐ



Reykjavíkurborg  
Mannauðs- og starfsumhverfissvið

## Lögfræðingur

### Skrifstofa kjaramála leitar að öflugum lögfræðingi til starfa.

Skrifstofa kjaramála ber ábyrgð á gerð kjarasamninga fyrir hönd Reykjavíkurborgar og annast fyrirvar Reykjavíkurborgar gagnvart stéttarfélagum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Skrifstofan veitir ráðgjöf vegna vinnuréttar og ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga ásamt því að bera ábyrgð á og hafa eftirlit með launamyndunarkerfi Reykjavíkurborgar.

Skrifstofa kjaramála tilheyrir mannauðs- og starfsumhverfissviði sem er kjarnasvið innan stjórnskipulags Reykjavíkurborgar og hefur aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur.

#### Helstu verkefni:

- Túlkun og framkvæmd kjarasamninga Reykjavíkurborgar
- Samskipti við stéttarfélag og aðila vinnumarkaðarins
- Lögfræðilegar álitserðir og/eða umsagnir tengdar lögum, reglugerðum og reglum um vinnurétt og kjarasamninga
- Lögfræðileg ráðgjöf á sviði vinnuréttar
- Sítur í samninganefnd Reykjavíkurborgar
- Tekur þátt í stefnumótun og innleiðingu í kjara- og mannauðsmálum

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf eða meistaraþróf í lögfræði
- Þekking og reynsla á sviði vinnuréttar
- Þekking og reynsla af kjaramálum er æskileg
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslensku og enskukunnátta í ræðu og riti
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til 23. maí nk. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf og skal umsókn skilað rafrænt á vefsíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf).

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Guðmundsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu kjaramála í gegnum netfangið: [rakel.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:rakel.gudmundsdottir@reykjavik.is).

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

## Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár



[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

HAGVANGUR

## Skeljungur, traustur félagi



# Ert þú traustur félagi?

**Skeljungur ehf.** leitar að öflugum og metnaðarfullum aðila í starf sölustjóra. Hlutverk sölustjóra er að selja eldsneyti, smurolíur og ýmsar rekstrarvörur til smærri og stærri fyrirtækja um land allt.

#### Um Skeljungur

Skeljungur er traustur félagi viðskiptavina sinna og leggur áherslu á að hafa innanborðs áhugasamt og hæft starfsfólk sem sýnir frumkvæði, metnað í starfi og tekur virkan þátt í að gera félagið sífellt betra.

Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkuþörf fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við samfélagið og umhverfi sitt. Starfsemi Skeljungs er á sviði sölu og þjónustu við fyrirtæki tengt fjölorðu. Fyrirtækið sér um dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, smurolíum, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustubáttum til fyrirtækja og bænda. Þjónusta og sala til stórnotenda, til útgerða, í flug og verktöku er einnig hluti af starfsemi. Skeljungur IS er enn fremur umboðsaðili Shell á Íslandi auk þess að fara með eignarhald í Barki, EAK og Fjölveri.

#### Sölustjóri hjá Skeljungi

##### Helstu verkefni og ábyrgð

- Öflun nýrra viðskiptasambanda
- Skipulagning sölugerða
- Fylgja eftir settum markmiðum
- Viðhald viðskiptasambanda
- Fleiri verkefni í samráði við næsta yfirmann

##### Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum og viðskiptastýringu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og mikil þjónustulund
- Eiginleiki til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði
- Auðvelt með að koma frá sér upplýsingu í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta
- Grunnþekking á smurolíum og bílerekstrarvörum er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingi Fannar Eiríksson, sviðsstjóri sölu- og rekstrarsviðs, [ingifannar@skeljungur.is](mailto:ingifannar@skeljungur.is), sími: 444-3000.

Sótt er um starfið á vef Skeljungs, [skeljungur.is/laus-storf](http://skeljungur.is/laus-storf). Umsóknarfrestur er til og með 24. maí næstkomandi.

# HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ GERAST VISTFORELDRI?

Barnavernd Garðabæjar leitar að tveimur fjölskyldum sem eru tilbúnar að taka á mót börnum sem þurfa umönnun utan síns heimilis í skemmri tíma.

Hlutverk vistforeldra er að veita börnum móttöku, þar með talið í bráðatilvikum, til að tryggja öryggi barnanna, greiða vanda þeirra eða til könnunar á aðstæðum þeirra. Þegar barn er í vistun utan heimilis er lögð áhersla á að það stundi sinn heimaskóla, sæki tómsundur og geti haldið vinatengslum. Því er kostur ef fjölskyldurnar búa í Garðabæ.

Starfið er fjölbreytt og gefandi og unnið í nánu samstarfi við starfsmenn barnaverndarþjónustu.

Umsóknarfrestur er til 22.05.2022.

Nánari upplýsingar eru á [gardabaer.is](http://gardabaer.is)



## Málmblásturskennari 60 – 100 %

Tónlistarskóli Árnésinga óskar eftir að ráða til starfa málmblásturskennara frá hausti 2022.

Kennt er samkvæmt Aðalnámsskrá tónlistarskóla.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tónlistarkennaramenntun og/eða kennslureynsla
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Samvirkusamur, skapandi og skipulagður.

Upplýsingar gefa Helga Sighvatsdóttir skólastjóri í síma 861-9687 eða Jóhann I. Stefánsson aðstoðarskólastjóri í síma 864-1235. **Umsóknarfrestur er til 21. maí 2022.**

Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til [helga@tonar.is](mailto:helga@tonar.is) og [joi@tonar.is](mailto:joi@tonar.is).

*Tónlistarskóli Árnésinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 560 og um 40 kennarar starfa við skólann.*



## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, óska eftir að ráða drífandi einstakling í starf framkvæmdastjóra. Leitað er að dugmiklum einstaklingi í krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og forystuhæfileika.

Um er að ræða spennandi starf sem gefur réttum aðila tækifæri til að vera leiðandi í uppbyggingu og þróun á svæðinu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. september 2022. Ráðið er í starfið til fimm ára í senn.

### Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun samtakanna.
- Skipulagning og verkefnastýring.
- Stefnumótunarvinna.
- Samskipti og samstarf við hagaðila (atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög, opinberar stofnanir og aðra hagaðila).
- Önnur verkefni í samráði við stjórn.

Sjá nánar um hlutverk framkvæmdastjóra í 18. gr. samþykktu SSNE

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfni og færni til að hvetja aðra til árangurs.
- Reynsla af stjórnun
- Reynsla af rekstri æskileg.
- Reynsla af mótun stefnu og innleiðingu hennar æskileg.
- Þekking og reynsla af atvinnu-, menningar- og/eða byggðamálum æskileg.
- Góð þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður.
- Lipurð og mikil færni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og gott orðspor
- Gott vald á tjáningu í ræðu og riti á íslensku

SSNE eru landshlutasamtök sveitarfélaga á svæðinu frá Fjallabyggð að vestan að Langesbyggð að austan, að báðum sveitarfélögum meðtöldum. Markmið með starfsemi félagsins er að efla Norðurland eystra sem eftirsótt svæði til búsetu og atvinnu. Félagið skal vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu. SSNE er lífflegur og kraftmikill vinnustaður í mikilli sóknStarfsstöðvar félagsins eru á fjórum stöðum: Húsavík, Akureyri, Tröllaskaga og Norður Þingeyjarsýslum. Starfið krefst reglulegrar viðveru í starfsstöðvum SSNE.



Allir áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með **19. maí 2022.**

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Sótt er um starfið á [www.mognum.is](http://www.mognum.is) og nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir hjá Mögnum, [sigga@mognum.is](mailto:sigga@mognum.is).

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill  
að árangri allra fyrirtækja.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 [intellecta.is](http://intellecta.is)

# intellecta



# Forsætisráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi á skrifstofu stjórnskipunar og stjórnsýslu

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu stjórnskipunar og stjórnsýslu. Starfið er fjölbreytt og felur meðal annars í sér aðkomu að undirbúningi funda, aðstoð við alþjóðafulltrúa, upplýsingaöflun og þátttöku í teymisstarfi innan ráðuneytisins. Um er að ræða áhugavert starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á skipulagningu, frumkvæði og vönduð vinnubrögð.

Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnsýslu fer meðal annars með þróun stjórnskipunarréttar, stjórnsýslu- og upplýsingalög, málefni ríkisstjórnar og ríkisráðs, heilindi í opinberum störfum, samskipti við Alþingi og forseta Íslands, alþjóðasamskipti og mannauðsmál forsætisráðuneytisins, þjóðlendur og upplýsingagiöf til almennings og fjölmiðla.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Undirbúningur ríkisráðsafgreiðslna og ríkisráðsfunda
- Aðstoð við og þátttaka í verkefnum alþjóðafulltrúa ráðuneytisins
- Undirbúningur ýmissa viðburða
- Upplýsinga- og gagnaöflun og svörun erinda
- Aðkoma að undirbúningi ríkisstjórnafunda
- Þátttaka í umbótastarfi og teymisvinnu
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni og afleysingar innan ráðuneytisins

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af starfi innan Stjórnarráðsins er kostur
- Góð tölvufærni og þekking á helstu Office365 forritum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi
- Þjónustulund ásamt færni og lipurð í mannlegum samskiptum

## Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá, prófskírteini og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í 6 mánuði, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar lausra starfa.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2022

## Nánari upplýsingar veita

Páll Þórhallsson skrifstofustjóri [pall.thorhallsson@for.is](mailto:pall.thorhallsson@for.is)

Eydís Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri [eydis.eyjolfsdottir@for.is](mailto:eydis.eyjolfsdottir@for.is)

Sótt er um starfið á Starfatorgi: [starfatorg.is](https://starfatorg.is)

Stjórnarráð Íslands  
Forsætisráðuneytið

# Við leiðum fólk saman





Hagar leita að öflugum liðsfélögum til að þróa stafrænar lausnir fyrir fyrirtækið og dótturfélög. Hagar leggja sig fram við að hlusta á ólíkar þarfir viðskiptavina og gera verslun auðveldari og aðgengilegri fyrir alla landsmenn með snjallri notkun á tækni.

Framundan eru fjölbreytt og spennandi verkefni í þróun á stafrænni þjónustu fyrir viðskiptavinum Haga og dótturfélög. Leitað er að aðilum í kraftmikið teymi þar sem allir fá að njóta sín við sköpun á framtíðarverslun.

Hagar er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem lögð er áhersla á samvinnu og að allir fái tækifæri til að koma hugmyndum í framkvæmd.

# Vilt þú vera með okkur í stafrænni vegferð?

*Hagar hf. er leiðandi verslunarfyrirtæki á íslenskum sérvörumarkaði.*

*Meginstarfsemi Haga er á sviði verslunar með dagvöru og eldsneyti og tengdrar starfsemi vöruhúsa.*

*Hagar starfrækja samtals 37 matvöruverslanir undir vörumerkjum Bónus og Hagkaups, 25 Olís þjónustustöðvar, 42 ÓB-stöðvar, umfangsmikla vöruhúsastarfsemi, birgðaverslun auk verslunar með sérvöru.*

*Hjá Högum og dótturfélögum starfa um 2.500 manns sem hafa það að markmiði að stuðla að bættum lífskjörum viðskiptavina í gegnum framúrskarandi verslun.*

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. maí nk.**

Sótt er um starfið á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason ([hilmar@vinnvinn.is](mailto:hilmar@vinnvinn.is)) og Garðar Ó. Ágústsson ([gardar@vinnvinn.is](mailto:gardar@vinnvinn.is)).

## Verkefnastjóri í stafrænum verkefnum

Helstu verkefni:

- Umbreyting á þjónustulausnum
- Uppbygging og áætlanagerð á stafrænum lausnum
- Umsjón og ábyrgð á stafrænum verkefnum og lausnum
- Greining á verkefnum, hagnýting gagna og hugmyndavinna
- Miðlun upplýsinga til hagaðila

## Ráðgjafi í tæknilausnum

Helstu verkefni:

- Er tengiliður dótturfélaganna við UT
- Heldur utan um þjónustuframboð upplýsingatæknisviðs
- Hefur þekkingu á þróun í þjónustu fyrir markaðinn
- Hjálpar félögum við að fylgjast með framþróun á markaðnum
- Kemur auga á leiðir þar sem tæknin getur hjálpað við að ná settum markmiðum félaganna
- Tryggir framkvæmd og framþróun í samvinnu við félögin

## Öryggis- og gæðastjóri

Helstu verkefni:

- Mótun og innleiðing stefnu í öryggis- og gæðamálum
- Þróun verkferla og verklagsreglna í rekstri og hugbúnaðarþróun
- Stöðugar umbætur á öryggis- og gæðamálum í góðu samstarfi við hagsmunaaðila
- Ábyrgð á öryggisferlum og eftirliti með upplýsingaöryggi
- Úrvinnsla ábendinga um öryggismál
- Yfirsýn á meðhöndlun og geymslu rafrænna gagna
- Leiðbeinandi ráðgjöf í öryggismálum við samstarfsaðila innan UT, við dótturfélög og birgja
- Samskipti við hagsmunaaðila

## Leiðtogi í hugbúnaðarþróun

Helstu verkefni:

- Leiðir vinnu við högun og uppbyggingu tækniúthverfis
- Leiðir teymi sem vinnur að forritun stafrænna lausna
- Hefur umsjón með vinnulagi og stöðlum í hugbúnaðarþróun
- Ber ábyrgð á og hefur umsjón með vinnu við hugbúnaðarverkefni

## Hugbúnaðarsérfræðingar - viðskiptahugbúnaður (ERP)

Helstu verkefni:

- Þróun á ERP lausnum
- Ráðgjöf og samvinna við dótturfélög Haga
- Viðhald og framþróun
- Sambætting við önnur kerfi
- Innleiðing á ERP kerfum

## Hugbúnaðarsérfræðingar - vefverslunarlausnir

Helstu verkefni:

- Þróun á vefverslunum á B2B og B2C markaði fyrir dótturfélög Haga
- Bak- og framenda forritun í Magento (PHP)
- Tengingar við vefþjónustur/GraphQL
- Samskipti og samvinna við aðra innan hugbúnaðarteymis

## App forritarar

Helstu verkefni:

- Þróun á öppum á B2B og B2C markaði fyrir dótturfélög Haga
- Stöðugar umbætur á hugbúnaði og ferlum í þróun
- Samskipti og samvinna við aðra innan hugbúnaðarteymis



Verksýn ehf er tækniþjónusta með sérhæfingu í viðhaldi og endurbótum mannvirkja, innandyra og utan. Fáumst einnig við fjölbreytt verkefni er snúa að verkefnastjórnun og eftirliti með nýframkvæmdum.

Við erum fjölskylduvænn vinnustaður og bjóðum eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir starfsfólk, sem er okkar helsta auðlind. Við viljum ráða hæft starfsfólk í eftirfarandi stöðu:

### BYGGINGAFRÆÐINGUR / BYGGINGARTÆKNIFRÆÐINGUR

Umsækjendur með sambærilega menntun koma einnig til greina. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. júlí nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði.

#### Í starfinu felst m.a. eftirfarandi:

- Ástandsgreiningar
- Hönnun
- Gerð útboðs- og verklýsinga
- Framkvæmdaráðgjöf
- Framkvæmdaefirlit
- Verkefnastjórnun

Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið [andi@verksyn.is](mailto:andi@verksyn.is), fyrir 23. maí nk. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð umsókna. Hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar um fyrirtækið á heimasíðu þess, [www.verksyn.is](http://www.verksyn.is).

Verksýn ehf  
Síðumúla 1  
Sími 517-6300



### Aðstoðamaður Rekstarstjóra

Gamla Bíó óskar að ráða starfsmann sem hefur þekkingu á þjónustu, uppsetningu á veislum, tónleikum og að geta stjórnað vöktum auk þess að setja upp vaktaplön fyrir viðburði í húsinu.

Æskilegt er að viðkomandi tali Íslensku auk annara tungumála Unnið er á vöktum skv samkomulagi

Umsóknir sendist á [gamlabio@gamlabio.is](mailto:gamlabio@gamlabio.is)



### Grillum í sumar

Petersen svítan óskar að ráða 2 starfsmenn til að sjá um og reka útigrillið í sumar á pallinum. Viðkomandi þurfa að hafa þekkingu á matargerð, starfað sjálfstætt, séð um innkaup og þrif á vinnuvæðinu.

Pallurinn í Petersen svítunni er vinsæll útsvæðis veitingastaður í Reykjavík

Æskilegt er að viðkomandi tali Íslensku auk annara tungumála Unnið er á vöktum skv samkomulagi

Umsóknir sendist á [gamlabio@gamlabio.is](mailto:gamlabio@gamlabio.is)

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

#### Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Arna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

**BYKO**  
LEIGA

## SÖLUMAÐUR FAGAÐILA Í NÝRRI VERSLUN!

### Selhella - Fullt starf

Það eru spennandi tímar framundan hjá okkur í BYKO Leigu í glæsilegri nýrri starfsstöð á Selhelli 1, Hafnarfirði. Við erum að opna nýja tegund af verslun sem einbeitir sér að leigu og sölu á verkfærum. Við leitum því að metnaðarfullum og þjónustulunduðum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á verkfærum og tengdum vörum í starf sölumanns til fagaðila.



Helstu verkefni eru ráðgjöf og þjónusta við fagaðila, stofnanir og bæjarfélög.

BYKO Leiga er hluti af hringrásarhagkerfinu og við viljum hámarka nýtingu alls okkar búnaðar ásamt því að leita leiða til að gera það á umhverfisvænan hátt.

#### Helstu verkefni

- Tilboðs-, reikninga og leigusamningagerð
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Þátttaka í sölu- og áætlanagerð og vöruþróun
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við næsta yfirmann

#### Hæfniskröfur

- Frábær þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á verklegum framkvæmdum er mikill kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum er kostur
- Reynsla af starfi í byggingariðnaði eða þjónustu við hann er kostur
- Góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti er skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta er kostur

Hvetjum alla áhugasama aðila til þess að sækja um, óháð kyni.

Allar frekari upplýsingar veitir **Bragi Jónsson** ([bragi@byko.is](mailto:bragi@byko.is)), rekstrarstjóri.

Sótt er um á [byko.is](http://byko.is), umsóknarfræstur til 9. maí 2022





# Forsætisráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi í fjármálum og rekstri

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á nýrri skrifstofu innri þjónustu. Starfið felur í sér vinnu við fjárlagagerð, stefnumótun, reikningshald, rekstur og þjónustu við aðrar skrifstofur ráðuneytisins. Leitað er að drifandi einstaklingi með ríka þjónustulund og þekkingu og reynslu á opinberum fjármálum. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir meðal annars á sjálfstæði, frumkvæði og lipurð í samskiptum.

Skrifstofa innri þjónustu fer meðal annars með fjármál, fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga, rekstur og áætlanagerð forsætisráðuneytisins, ber ábyrgð á gæða- og umbótamálum í ráðuneytinu, skjalavistun, upplýsingakerfum og sér um öryggismál, starfsumhverfi og eignausmjón. Starfsfólk skrifstofunnar styður við innra starf ráðuneytisins, meðal annars við störf hópa og teyma sem starfa þvert á ráðuneytið.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Fjárlagagerð
- Vinna við fjármálaáætlun ásamt aðkomu að stefnumótun og kostnaðarmati
- Efnisöflun og vinna við gerð skýrslna og greinargerða
- Reikningshald og ferðauppgjör
- Aðkoma að rekstraráætlanagerð
- Þátttaka í framkvæmd fjárlaga
- Þátttaka í teymisvinnu, umbótastarfi og innri þjónustu ráðuneytisins
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af Oracle bókhaldskerfi ríkisins
- Reynsla af starfi í opinberri stjórnsýslu
- Þekking á lögum um opinber fjármál
- Reynsla af fjárlagagerð og stefnumótun
- Reynsla og þekking af reikningshaldi
- Góð þekking á Office 365 forritum
- Þekking og reynsla af Power BI
- Greiningarhæfni, þ.e. geta til að greina og vinna úr gögnum og upplýsingum
- Þjónustulund ásamt færni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og hæfni til að forgangsraða verkefnum
- Skipulagshæfni og lausnamiðuð hugsun

## Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðs hafa gert.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá, prófskírteini og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í 6 mánuði, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar lausra starfa.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2022

## Nánari upplýsingar veita

Margrét Hallgrímsdóttir skrifstofustjóri [margret.hallgrimsdottir@for.is](mailto:margret.hallgrimsdottir@for.is)

Eydís Eyjólfssdóttir mannauðsstjóri [eydis.eyjolfssdottir@for.is](mailto:eydis.eyjolfssdottir@for.is)

Sótt er um starfið á Starfatorgi: [starfatorg.is](http://starfatorg.is)

**Stjórnarráð Íslands**  
Forsætisráðuneytið

**ráðum**  
ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna. Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.



RÚV starfar í almannapágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV rýnir samfélagið, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þröstur Helgason, dagskrárstjóri Rásar 1, [throstur.helgason@ruv.is](mailto:throstur.helgason@ruv.is), s. 515 3000.

Umsókn skal skilað á [www.ruv.is/storf](http://www.ruv.is/storf)

**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí.**

